Ákærði Þ krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði. Loks krefst ákærði þess að upptökukröfum verði hafnað en verði á þær fallist að upptækt fé komi þá til frádráttar fésektarrefsingum allra ákærðu verði þær dæmdar. Byggir ákærði sýknukröfu sína aðallega á því að þau skattskil sem hann kom að hafi öll verið rétt og byggð á fyrirleggjandi gögnum. Þá hafi þau byggst á því að ákærði Y stæði sjálfur skil gagnvart skattýfirvöldum hvað hans rekstur varðaði og að sú skipan sem komið var á varðandi skattskil ákærða Y hafi verið samkvæmt leiðbeiningum frá skattýfirvöldum. Ákærði hafi ekki verið endurskoðandi félagsins og því ekki með skyldur sem slíkur gagnvart ákærða X, einkahlutafélagi hans eða skattýfirvöldum. Þá geti 5. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 ekki tekið til ætlaðra brota hans þar sem ákvæðinu sé ekki ætlað að vera heimild til að refsa starfsmönnum skattaðila. Hann hafi ekki verið í aðstöðu til að afla meðákærðu tekna og sjálfur ekki notið neins ávinnings af ætluðu broti. Þá bendir ákærði á að af hálfu ákæruvaldsins hafi verið fallið frá því að tekjur hafi verið vantaldar árin 2013 og 2014, sbr. 1. tölulið II. kafla ákæru. Byggt sé á sömu reikningum hvað varðar vantalin virðisaukaskatt í 2. tölulið II. kafla og vísað þar til verknaðarlýsingar í 1. tölulið og telji ákærði því að forsendur séu til að vísa þeim ákærulið frá dómi hvað þessi ár varðar.

Af hálfu hinna ákærðu félaga er þess krafist að upptöku haldlagðra fjármuna verði hafnað.

II

Málsatvik

Samkvæmt bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins, hér eftir SRS, dagsettu 22. desember 2015, var embætti sérstaks saksóknara, nú héraðssaksóknara, send bráðabirgðaskýrsla vegna rannsóknar á skattskilum ákærðu, dagsett 21. sama mánaðar. Þar kemur fram að frumrannsókn málsins hófst með rannsókn á skattskilum ákærða X og Æ ehf. vegna rekstraráranna 2009 til og með 2014. Fór sú rannsókn af stað vegna ábendinga frá ríkisskattstjóra, hér eftir RSK, vegna misræmis milli innstæðna og framtalinna eigna nokkurra tilgreindra félaga. Til rannsóknar var sjálfstæð starfsemi ákærða X undir firmaheitinu ÖÖ og samnefnt einkahlutafélag sem ákærðu X, Y og Z voru stjórnarmenn í, skráðir framkvæmdastjórnar og prókúruhafar. Þá voru persónuleg skattskil þeirra þriggja einnig tekin til rannsóknar. Kom fram að X og Z gáfu óverulegar tekjur upp til skatts og að Y hefði ekki staðið skil á skattframtölum um árabíl.

Við rannsókn á rekstri einkafirma X og samnefndu einkahlutafélagi fékkst ekki afhent bókhald og var á grundvelli bankayfirlita kallað eftir sölureikningum frá viðskiptamönnum. Samantekt þeirra og

innsendra launamiða leiddi í ljós að rekstrartekjur sem og virðisaukaskattsskyld velta og velta undanþegin virðisaukaskatti væri stórlega vantalin í innsendum skattskilagögnum. Samanburður við þau gögn sem skilað var til skattfyrivalda leiddi í ljós að innborganir viðskiptamanna námu umtalsvert hærri fjárhæð en umræddir liðið í skattskilagögnum og þótti mega áætla að um væri að ræða vantaldar rekstrartekjur bæði í tilviki einkafirmans og einkahlutafélagsins.

Rannsókn leiddi í ljós að verulegar tekjur af starfsemi við [...] sem talið var að X, Z og Y hefðu annast, annars vegar á kennitölu X og hins vegar í nafni Æ ehf., hefðu ekki verið gefnar upp til skatts. Var ætluð fjárhæð vantalinna rekstrartekna talin nema 356 milljónum króna. Var talið að þeir hefðu ráðstafað hluta af undandregnu fé í eigin þágu án þess að gera með nokkrum hætti grein fyrir þeim tekjum í skattframtölum sínum. Þá var jafnframt talið að hluti undandreginna fjármuna hefði verið færður úr rekstrinum og komið fyrir á bankareikningum sex einkahlutafélaga, sem eru undir yfirráðum X, Y og Z, Ö ehf., ZZ ehf., XX ehf., YY ehf., ÞÞ ehf., og ÆÆ ehf. Í ákæru eru þau félög ákærð til upptöku fjármuna, sem þar eru nánar tilgreindir, og talið að séu ólögmatúr ávinningur refsiverðra brota. Þá kemur fram í bréfinu að ekki hafi verið unnt að taka skýrslur af X, Y og Z hjá SRS vegna bráðabirgðaskýrslu SRS frá 21. desember 2015 sökum m.a. krafna þeirra um að fá að taka fyrirhugaðar skýrslutökur upp í hljóð og mynd á eigin farsíma.

Með bréfi héraðssaksóknara 26. janúar 2016 var málið endursent SRS til þóknarlegrar meðferðar. SRS sendi málið svo á ný til héraðssaksóknara með bréfi dagsettu 29. september 2017 og fylgdu því skýrslur skattrannsóknarstjóra vegna skattskila X, Z, Y og Æ ehf., dagsettar 14. júní 2017. Þar kemur fram að X, Y og Z persónulega og sem fyrirsvarsmönnum Æ ehf., og ákærða Þ sem bókara félagsins hefði verið tilkynnt um lok rannsóknar og fyrirhugaða ákvörðun um refsimeðferð og gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða refsimeðferð. SRS bárust athugasemdir X, Y og Z og liggja þær fyrir í málinu.

Fyrir liggur skjal sem ber yfirskriftina „Endurgreiðsla rekstrarlána“ og fylgdi m.a. athugasemdum ákærða X og Þ til héraðssaksóknara til skýringar á starfsemi rekstrarlánaþjóðs. Einnig var af hálfu ákærðu lagt fram skjal sem ber yfirskriftina „Yfirgrip bókhalds. Reikningagerð“ Er skjalið talið sýna ætluð tengsl milli bókhalds vegna reksturs X og Y.

Meðal málgagna eru gögn um skattskil ákærðu og þeirra félaga er greinir í ákæru á því tímabili er ákæra tekur til. Þá liggja fyrir yfirlit héraðssaksóknara, dagsett 8. mars 2019, yfir vantalda virðisaukaskattsskylda veltu, undanþegna veltu og vanframtalinn virðisaukaskatt ÖÖ vegna árána 2009-2014 og samnefnds einkahlutafélags vegna árána 2011-2014. Einnig liggja fyrir þeir reikningar sem samantektin er byggð á, samantekt ætlaðra rekstrartekna og mögulegra rekstrargjalda vegna sömu aðila á sama tímabili og yfirlit yfir ætlaðar launatekjur X, Y og Z, sbr. III.-V. kafla ákæru. Þar koma fram fjárhæðir millifærslna frá Æ ehf. inn á reikninga þeirra einkahlutafélaga sem getið er um í ákæru og, eftir atvikum, gögn um ráðstöfun þessara fjármuna. Fyrir liggur yfirlit yfir þá útgjaldareikninga Æ ehf. vegna árána 2011-2014 sem byggt er á í 4. tölulið II. kafla ákærunnar og ljósrít af þeim reikningum sem þar er vísað til. Á yfirlitinu koma fram skýringar SRS á því hvers vegna reikningarnir voru ekki taldir tilheyra rekstri félagsins.

Einnig liggja fyrir vottorð hlutafélagaskrár vegna þeirra einkahlutafélaga er greinir í ákæru. Þar kemur fram að ákærðu, [...] X, Y og Z, voru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Æ ehf. og voru X og Z báðir með prókúru. Skráður tilgangur félagsins er m.a. framleiðsla á [...]. Við stofnun félagsins áttu [...] hver sinn þriðjung í félaginu en málgögn benda til þess að árið 2013 hafi Ö ehf. verið orðið eigandi félagsins. X var stjórnarformaður Ö ehf. og með prókúru en Y og Z meðstjórnendur. Þá var X varamaður í stjórn ZZ ehf. en Y stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og með prókúru en félagið var í eigu Ö ehf. Hvað varðar XX ehf. og YY ehf. þá var X stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi og Y varamaður. Y var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi vegna ÞÞ ehf. en X varamaður í stjórn. X var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og með prókúru vegna ÆÆ ehf. en Z varamaður og Y varaskoðunarmaður. Þá var Þ bókari Æ ehf. og skoðunarmaður þeirra félaga er greinir í ákæru.

Við meðferð málsins hjá embætti héraðssaksóknara voru teknar skýrslur af öllum ákærðu en ekki er ástæða til að rekja sérstaklega framburð þeirra.

Fyrir liggur úrskurður RSK vegna breytinga á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum Æ ehf. vegna rekstraráranna 2010 til 2014, dagsettur 14. janúar 2014. Einnig liggja fyrir úrskurðir RSK, dagsettir 15. október 2019, vegna endurákvörðunar opinberra gjalda X og Z gjaldárin 2010-2014 og vegna Y úrskurður, dagsettur 24. maí 2019, vegna gjaldáranna 2010-2014. Þá liggja fyrir úrskurðir yfirskattanefndar, dagsettir 16. desember 2020, vegna kæru Æ ehf. og X, Y og Z á framangreindum úrskurðum. Niðurstaða nefndarinnar var, hvað sakarefni málsins varðar, óbreytt að öðru leyti en því tekju- og útsvarstofn X vegna gjaldársins 2011 var lækkaður um 2.513.144 krónur.

III

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði X las yfirlýsingu sína í upphafi skýrslugjafar. Þar kom fram að hann teldi SRS hafa túlkað bókhald hans, bæði vegna ÖÖ og Æ ehf., rangt. Málið hefði dregist endalaust, ekkert mark verið tekið á þeim gögnum sem hann lagði fram og rannsakendur hefði skort þekkingu á rekstrinum eða vilja til að kynna sér hann. Þá lýsti ákærði aðkomu [...], ákærðu Y og Z, að rekstri Æ. Sagði hann Z hafa aðstoðað sig við að stofna félagið með því að lána sér nafnið sitt til að form félagsins væri lögum samkvæmt. Hafi Z verið titlaður sem meðstjórnandi og skráður með prókúru vegna félagsins og sem eigandi að einum þriðja hluta félagsins. Z hefði aldrei greitt fyrir hlutinn og aldrei átt neitt í félaginu. Z sé [...] og [...] og skilji því almennt ekki það sem stendur á skjölum. Z hefði einstaka sinnum unnið viðvik fyrir ákærða og Æ ehf. og fengið greitt fyrir það sem launamaður. Þau laun hefðu ávallt verið gefin upp til skatts og hefði ákærði Þ séð um það. Z hefði fremur varið tíma sínum fyrir sig auk þess sem hann hefði annast [...] eiginkonu sína, B. Þá sagði ákærði B einnig hafa aðstoðað ákærða þegar hann rak ÖÖ og þegar hann stofnaði samnefnt einkahlutafélag, t.d. náð í efni sem ákærði var búinn að panta. Hefði hún þá greitt fyrir með sínu fé og þannig lánað honum. B væri sterkefnuð eftir að hafa erfð foreldra sína. Hún hefði oft lánað fé í reksturinn þegar illa gekk. Þessi lán hefðu verið endurgreidd með millifærslum inn á bankareikninga. Færslurnar hefðu verið að fjárhæð allt frá 900 upp í 500.000 krónur þegar nokkrir reikningar voru teknir saman. Stundum hefðu þessar færslur verið tuttugu til þrjátíu sinnum í mánuði. Þessar endurgreiðslur hefði skattstjóri metið sem laun Z og það skilji ákærði ekki og bendi t.d. á að laun séu ekki greidd svo oft í mánuði. Hvað varðaði Y þá hefði hann einnig aðstoðað ákærða við stofnun einkahlutafélagsins með því að lána honum nafnið sitt til að form félagsins væri lögum samkvæmt. Hann væri titlaður sem stjórnarmaður en ekki skráður með prókúru og hefði aldrei verið. Þá hefði hann verið skráður eigandi þriðjungs félagsins formsins vegna en hefði aldrei greitt fyrir hlutinn. Það hefði verið ákærði sem átti félagið. Y hefði, frá árinu 1988, rekið sitt eigið félag á sinni kennitölu, C. Fyrirtækið hefði orðið gjaldþrota árið 1998 og misst virðisaukaskattsnúmer sitt og þá hefði reksturinn stöðvast. Y hefði þá samið við ákærða um að stofna rekstur á sinni kennitölu sem hann hefði gert og hefði það verið upphafið að ÖÖ. Þ hefði þá fundað með skattstjóra sem hefði bent honum á að þangað til K fengi virðisaukaskattsnúmer aftur væri í lagi að ÖÖ ákærða og firma Y notuðu til bráðabirgða sömu kennitöluna á útgefnum reikningum. Þetta hafi því verið umsamið við skattstjóra. Númerið hafi átt að koma fljótlega en það dregist og sé ekki enn komið. Þetta form á rekstrinum hafi haldið áfram eftir að Æ ehf. var stofnað. Margoft hefði verið skilað inn gögnum til skattstjóra en aldrei verið sett út á þetta fyrirkomulag. Félögin hefðu alltaf haldið tvö aðskilin bókhöld hvort með sína tekju- og kostnaðarreikninga. Rekstur þeirra hafi verið aðskilinn að öllu leyti nema að sama kennitala var notuð. Tekjureikningarnir hefðu verið gerðir eins og skattstjóri ráðlagði og gefnir út í sama bókhaldsforriti. Reikningar vegna K hefðu verið settir í bókhald þess fyrirtækis eftir útgáfu þeirra og teldi ákærði að þar hefðu reikningarnir verið gefnir upp. Þ hefði svo gefið út reikninga fyrir ÖÖ og síðar fyrir samnefnt einkahlutafélag og sett í bókhald þessara fyrirtækja. Þá sagði ákærði að fyrrverandi eiginkona hans, A, hefði einnig skotist eftir efni og varahlutum. Þá hefði hún, rétt eins og B, lánað fé til rekstursins. Sjálfur hefði hann verið með aukakreditkort á reikning A sem hann hefði notað þegar engir peningar voru til í rekstrinum. Hafi þetta verið úttektir allt frá 800 krónum upp í 450.000 krónur, tíu til tuttugu sinnum á mánuði. Þetta hafi svo verið greitt til baka inn á reikning hennar með millifærslum. Þær

séu svo reiknaðar honum sem laun í málatilbúnaði ákærvaldsins, sem sé ekki rétt enda ekki greitt til samræmis við það sem við eigi um hefðbundnar launagreiðslur, t.d. hvað varði tíðni og tímabil. Ákærði kvaðst sjálfur hafa lagt meira fé til rekstursins en hann fékk út úr honum.

Ákærði sagði að rekstrarlánasjóður væri búinn að vera til lengi eða frá því að [...], C, hefði ákveðið árið 1874 að leggja fyrir allt það fé sem hann átti aflögu og væri það upphaf sjóðsins. C hefði rekið [...] og tekið að sér öll þau verkefni sem til féllu þó uppistaðan hefði verið þjónusta við [...]. Sjóðurinn hefði [...] til að styðja rekstur [...] en verið haldið utan við reksturinn. Sjóðurinn hefði stækkað enda hefðu ýmsir sett fé í hann, t.d. eiginkonur þeirra [...]. Sjóðurinn hefði verið geymdur á ýmsum bankareikningnum frá því að [...] tók við honum. Féð sé gefið upp í bókhaldi þess félags sem fengið hafi lán úr sjóðnum. Hann sé ekki skráningarskyldur og hafi því ekki verið skráður. Tilgangur sjóðsins sé að hjálpa litlum sprotafyrirtækjum og styðja við ýmsar fjárfestingar þeirra. Féð sé sett inn á bankareikning hjá viðkomandi sprotafyrirtæki og þar beri það vexti og á það leggist verðbætur og af þeim sé greiddur fjármagnstekjuskattur. Sjóðurinn innheimti aldrei vexti af veittum fjárstuðningi. Þessi aðferð sé alþekkt víða um heim, t.d. í Noregi, Kína og Bandaríkjunum. Þegar stuðningur hafi verið endurgreiddur hafi féð verið greitt inn á bankareikninga ÖÖ og síðar samnefnds einkahlutafélags og þaðan millifært inn á bankabók „í eigu bankakerfisins“ til varðveislu hjá því sprotafyrirtæki sem hafi átt að fá stuðning næst. Stundum liggi féð lengi inni á þeim reikningum. Árið 2000 hefði [...] ákærða falið honum að stjórna sjóðnum og hann notið við það aðstoðar ákærða Þ sem einnig hefði aðstoðað [...] þeirra með sjóðinn. Ákærði hefði verið stjórnandi sjóðsins og tekið ákvarðanir um ráðstöfun hans en Þ verið skoðunarmaður sjóðsins. K hefði oft fengið stuðning frá sjóðnum til kaupa á vélum og tækjum til að nota við reksturinn og hefði sá búnaður ekki verið nýttur í rekstri ákærða. Tekjureikningar sem Y gaf út hefðu verið greiddir af verkkaupum inn á reikninga firma ákærða og síðar einkahlutafélagsins af því að ákærði hefði stjórnað greiðslum til baka í sjóðinn. Y hefði fengið greiddar sínar tekjur en einnig hefði verið gert upp við rekstrarlánasjóð vegna stuðnings sem Y hafði fengið þaðan. Það hefði verið greitt inn á reikning sem vistaður hefði verið á bankareikningi sprotafélags og væri því ekki tekjur ákærða.

Ákærði sagði að margt væri rangt í skýrslu SRS, t.d. að Y hefði aldrei verið launamaður hjá ÖÖ en þar kæmi jafnframt fram að hann hefði fengið þar laun á árunum 2013 og 2014 en á því skjali sem þar væri vitnað til segði að um lán hefði verið að ræða. Þá sé byggt á því hvað varðar útreikning vinnustunda að Z hafi á tilteknum degi unnið alls 40 klukkustundir. Sagði ákærði að SRS hefði fundið gamla vinnutímabók og byggt á því að Z ætti hana, sem væri ekki rétt. Þá sé sett út á kostnaðarreikninga en engin rök sett fram fyrir því. ÖÖ hanni frysti- og kælikerfi, setji upp ný kerfi, annist viðgerðir á [...], hanni og smíði allskonar rafkerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi þeirra og geri við og selji ýmis rafmagnstæki, t.d. þvottavélar og kaffivélar. Félagið vinni þau verk sem verkkaupi óski eftir, innan vissra marka, annist t.d. kaup og sölu á sjónvörpum ásamt uppsetningu á þeim og búnaði þeim tengdum. Benti ákærði sérstaklega á að [...] væru nú eins og fimm stjörnu hótél og allt sem þeim viðkæmi tæki hann að sér að þjónusta. Þá sagði ákærði að gögn félaganna sem hann var í viðskiptum við hefðu ekki verið rannsökuð þó þau lægju fyrir. Mörg þeirra hefðu stefnt í gjaldþrot en samt væri fremur byggt á gögnum frá þeim en honum. Þá benti ákærði á hann ætti ekki fé þótt hann stjórnaði félagi sem ætti það.

Ákærði sagði að hann væri [...]. Kvaðst hann hafa starfað hjá ÖÖ og síðar samnefndu einkahlutafélagi allan tímann sem ákæra málsins tekur til. Hann hefði verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Æ ehf. og með prókúru. Z hefði einnig verið skráður í stjórn félagsins sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri en það hefði einungis verið gert til að formið væri rétt og hefði hann ekkert komið nálægt rekstrinum. Y hefði verið skráður forráðamaður hjá fyrirtækjaskrá en það væri rangt, hann hefði ekkert komið nálægt rekstrinum. Sagði ákærði að á árunum 2009 til 2014 hefði enginn verið skráður eigandi en sjálfur hefði hann alltaf verið eigandi félagsins. Hvað varðar Ö ehf. þá sé hann einn eigandi félagsins, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi og sé sú skráning sem liggi fyrir í málgögnum því rétt. Hann eigi félagið ekki beint heldur í gegnum eignarhald á Æ ehf. Ákærði kvaðst einnig eiga YY ehf. og væri hann framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og með prókúru. ZZ ehf. eigi hann í gegnum Ö ehf. Y sé skráður framkvæmdastjóri félagsins, stjórnarmaður og með prókúru en ákærði sé varamaður, en hann eigi félagið en Y stjórni því. Hvað varðar ÞÞ ehf. þá eigi hann sjálfur ekkert í því félagi

en sé skráður varamaður í stjórn félagsins. Y sé framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og með prókúru og stjórn féluginu. Þá kvaðst ákærði eiga ÆÆ ehf. Hann sé framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi í féluginu. Z sé varamaður í stjórn þess og sé aðkoma hans að féluginu einungis að formi til. Loks sagði ákærði að sér væri kunnugt um þær skyldur sem fylgdu því að sitja í stjórn félags.

Ákærði sagði að ÖÖ hefði á árunum 2009 til 2011 verið rekin á hans kennitölu. Á árinu 2010 hefði einkahlutafélagið verið stofnað og reksturinn færður þangað um áramótin 2010/2011. Hann hefði haft sama hlutverkið í báðum fyrirtækjunum, aðallega verið í samskiptum við verkkaupa til að afla verkefna fyrir sig en ekki Y. Einnig hefði hann séð um daglega fjármálastjórn, verkskráningu, útreikning og greiðslu launa og reikninga. Mismunandi hafi verið hve margir starfsmenn voru. Þ hefði séð um að færa bókhaldið fyrir bæði fyrirtækin og séð um varðveislu gagna og haldið utan um þau. Sjálfur hefði hann tekið við kostnaðarreikningum og haldið utan um þá í möppu og síðan látið Þ hafa þá vegna færslu bókhaldsins. Þ hefði séð um að gefa út sölureikninga en ákærði sjálfur tekið saman efniskaup og vinnu og þannig haldið utan um það hvað ætti að vera á reikningunum.

Ákærði sagði Þ hins vegar ekkert hafa komið nálægt bókhaldi Y að því er ákærði teldi. Þá hefði Y ekkert komið að rekstri ákærða sem hefði sjálfur ekkert vitað um rekstur Y. Bæði hann og Y hefðu hins vegar gefið út reikninga á fyrirtækin hans þessi ár sem ákæra tekur til, bæði firmað og einkahlutafélagið. Ákærði sagði að Y hefði tekið við fyrirtæki sem [...] átti og rekið það þar til hann varð gjaldþrota. Þ hafi ekki haft aðgang að bankareikningum og ekki einu sinni skoðunaraðgang en hefði geta séð stöðu á yfirlitum sem hann fékk útprentuð. Ákærði sagði Þ hafa komið daglega á starfsstöðina, oft einungis til að spjalla. Þá sagði ákærði að allir þeir tekjureikningar sem ekki hefðu verið í bókhaldi hans og talið væri að vantaði væru í bókhaldi Y og þannig væri þetta búíð að vera síðan 1988. Sé þar um að ræða þá reikninga sem voru „núllaðir“ í hreyfingalista en sá listi tilheyrir bókhaldi hans. Y hefði átt að telja sína reikninga fram til skatts. Ákærði sagði að sér hefði ekki fundist vera ástæða til að ganga úr skugga um að þetta væri talið fram þó að um væri að ræða reikninga sem væru með hans „haus“.

Við skýrslugjöf ákærða var borinn undir hann hluti framlagðra gagna. Ákærði kvaðst kannast við skattframtal sitt 2011 vegna tekjuársins 2010 og meðfylgjandi ársreikning, efnahags- og rekstrarreikning ÖÖ. Þ hefði útbúið framtalið sem byggt væri á bókhaldi firmans, þeirri tekju- og kostnaðarskráningu sem þar hefði komið fram. Kvaðst hann telja að framtalið hefði gefið rétta mynd af stöðu félagsins en ekki hafa farið yfir það áður en því var skilað. Sama eigi við um skattframtal 2012 vegna tekjuársins 2011 og þau gögn sem því fylgdu vegna fyrirtækjareksturs hans. Kvaðst hann hafa haft nokkuð skýra mynd af afkomu félagsins og talið þessi gögn vera í samræmi við það. Borin var undir ákærða samantekt héraðssaksóknara frá 8. mars 2019 vegna ætlaðra rekstrartekna og mögulegra rekstrargjalda vegna ÖÖ á árunum 2009 til 2014 og ákærða kynnt að þar kæmu m.a. fram oftalin rekstrargjöld og vantaldar rekstrartekjur en niðurstaðan væri hærri en byggt væri á í ákæru. Ákærði sagði að þetta yfirlit væri rangt og væri um mismun að ræða teldi hann að það fé hefði komið úr rekstrarlánasjóði en gæti annars ekki útskýrt þessa niðurstöðu. Benti hann á að tekjur Y hefðu einnig komið inn í félagið og að hugsanlega hefðu verið til peningar í því fyrir þetta tímabil. Þá kvaðst ákærði kannast við þær virðisaukaskattsskýrslur sem fyrir liggja og skilað var vegna árána 2009 til 2014. Þ hefði skilað þessum skýrslum sem byggðar hefðu verið á bókhaldi félagsins og hann teldi að þær gæfu rétta mynd af tekjum félagsins.

Þá var borið undir ákærða samantekt yfir virðisaukaskattsskylda veltu og samantekt útskatts og mögulegs innskatts og vangoldins virðisaukaskatts vegna ÖÖ á árunum 2009 til 2014, sundurliðað eftir árum. Kvaðst ákærði ekki hafa þekkingu til að tjá sig um samantektina en benti á að hugsanlega væri þarna um að ræða tekjureikninga frá Y sem munaði um. Borið var undir ákærða yfirlit héraðssaksóknara yfir ætlaðar rekstrartekjur og möguleg rekstrargjöld vegna firmans árin 2012 til 2014. Var ákærða kynnt að samkvæmt ákæru væri talið að bókhald hefði verið rangt þessi ár vegna þess að bæði rekstrartekjur og rekstrargjöld hefðu verið oftalin hjá firmanu. Sagði ákærði að þetta væri unnið upp í skýrslu SRS og væri því rangt. Ákærða var kynnt að rekstrargjöld væru reikningar sem greiddir voru af Æ ehf. og voru í bókhaldi þess félags. Þeir hefðu upprunalega verið gefnir út á firmað og þeir svo kreditfærðir og gefnir út nýir reikningar á einkahlutafélagið sem greiddi þá en kreditreikningur gerður á firmað sem skilaði sér aldrei í bókhald þess. Sagði ákærði þetta vera rangt. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa þurft að

kreditfæra viðskipti á firmað og fá reikninga gefna út samdægurs á einkahlutafélagið. Þá var ákærða kynnt að fram hefði komið við rannsókn að rekstrartekjur firmans vegna árána 2012 til 2014 stöfuðu frá sölureikningum sem firmað hefði gefið út til einkahlutafélagsins vegna sölu á [...] og sagði ákærði það vera rétt. Loks var ákærða kynnt að í 5. tölulið I. kafla ákæru væri hann ákærður fyrir peningþvætti, samtals að fjárhæð 26 milljónir króna. Sagði ákærði að það væri rangt og ekki byggt á neinum tölulegum staðreyndum.

Borin voru undir ákærða gögn er II. kafla ákæru byggist á, skattframtal ársins 2012 vegna tekna ársins 2011 vegna Æ ehf. og rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins og sambærileg gögn vegna ársins 2013 vegna tekna ársins 2012. Kvaðst ákærði kannast við að þessu hefði verið skilað svona og að Þ hefði skilað þessu. Líklega sé þar rangt merkt að eigandi/starfsmaður hafi skilað framtalinu og það átt að vera bókarí. Þetta væri byggt á gögnum félagsins sem kæmu frá honum en ekki Y og gæfi rétta mynd af tekjum, eignum og skuldum. Þá var ákærða kynnt yfirlit yfir áætlaðar rekstrartekjur og möguleg rekstrargjöld félagsins vegna árána 2011 til 2014 ásamt skýringum og sagði hann að allar tölur væru rangar og það vantaði helminginn af bókhaldinu. Kvaðst hann telja líklegt að reikningarnir frá Y mundu „passa þarna við“. Þá voru bornar undir ákærða virðisaukaskattskýrslur sem skilað var af hálfu félagsins vegna árána 2011 til 2014. Staðfesti ákærði þær og sagði Þ hafa unnið þær og skilað þeim inn og taldi þær gefa rétta mynd af stöðunni hvað þetta varðaði. Einnig var borið undir ákærða yfirlit yfir útgefna sölureikninga á árunum 2011 til 2014 sem ekki voru tekjufærðir í bókhaldi félagsins og eru skráðir með „núll“ á hreyfingalista bókhaldsins. Sagði ákærði að þetta væru allt reikningar frá Y og því hefðu þeir ekki verið tekjufærðir.

Þá var borið undir ákærða yfirlit yfir útgjaldareikninga vegna ársins 2011 og kynnt að 25 þeirra hefðu á endanum verið færðir í bókhald félagsins en innskatti hafnað þar sem þeir ýmist tilheyrðu ekki rekstrinum eða sami reikning væri tví- eða jafnvel þríbókaður. Á sama hátt var borið undir ákærða yfirlit vegna ársins 2012 þar sem 49 reikningar voru færðir í bókhaldið en innskatti hafnað, ársins 2013 þar sem 41 reikningur var færður í bókhaldið og ársins 2014 þar sem 33 reikningar voru færðir. Sagði ákærði þessi yfirlit vera vitleysu og allir reikningarnir réttir og ættu heima í bókhaldinu nema þeir sem SRS aflaði og voru ekki fyrir í bókhaldinu. Hafnaði ákærði þeim athugasemdum sem gerðar voru við þessa reikninga. Þá var borið undir ákærða yfirlit héraðssaksóknara vegna meints vanframtalins útskatts að fjárhæð 13.419.261 króna og oftalins innskatts að fjárhæð 11.916.077 krónur í rekstri einkahlutafélagsins samtals vegna árána 2011-2014. Ákærði sagt að þetta væri allt rangt.

Þá voru borin undir hann þau skattframtöl árána 2011 til 2014 sem skilað var vegna hans persónulega og byggt er á í II. kafla ákæru. Staðfesti ákærði að Þ hefði skilað þeim. Þau gæfu rétta mynd af tekjum hans en hann hefði almennt ekki farið yfir þau áður en þeim var skilað. Þau hefðu verið einföld og upplýsingar sem kæmu fram í þeim almennt verið forskráðar og þá byggðar á þeim gögnum sem skilað hefði verið vegna rekstursins. Einnig var ákærða kynnt yfirlit héraðssaksóknara yfir vanframtaldar tekjur hans vegna árána 2009 til 2014 og að þær tekjur væru taldar koma frá firmanu og einkahlutafélaginu inn á bankareikninga Æ ehf. Þessu hafnaði ákærði alfarið. Greiðslur til XX ehf. hefðu verið endurgreiðslur inn í rekstrarlánasjóð og greiðsla til ÆÆ ehf. verið stuðningur sjóðsins við sprotafyrirtæki. Þá ætti sjóðurinn einnig það fé sem greitt hefði verið inn á Ö ehf. og YY ehf. Þá hafnaði hann því alfarið að greiðslur inn á reikning A væru taldar greiðslur til hans. A hefði lagt fé til rekstrarins allt frá árinu 1998 og það hefði þurft að endurgreiða. Hann hefði byrjað í rekstri árið 1988 þannig að árið 2009 væri enginn „núllpunktur“.

Hvað varðaði ákæru vegna ætlaðs peningþvættis sagði ákærði að þeir fjármunir sem hefðu verið millifærðir inn á reikninga félagana og taldir væru honum til tekna samkvæmt III. kafla ákæru væru greiðslur til rekstrarlánasjóðs vegna skulda við sjóðinn. Þá kannaðist hann við að hafa millifært frá firmanu og einkahlutafélaginu til B, Z og Ö ehf. þær greiðslur sem byggt væri á í IV. kafla ákæru og kæmu fram á yfirliti yfir vantaldar launatekjur Z. Með þeim hefði hann verið að endurgreiða Z lán að fjárhæð um 15 milljónir króna. Hvað varðaði greiðslur sem byggt er á í V. kafla ákæru, til ÞÞ ehf., af tveimur reikningum Ö ehf. og ZZ ehf. sagði ákærði það vera rétt að hann hefði lagt féð inn á reikningana og þá verið að leggja inn stofnfé rekstrarlánasjóðs. Þá sagði ákærði að þau félög sem greinir í ákæru hefðu öll starfað í samræmi við það sem kæmi fram í stofnsamningi þeirra.

Ákærði sagði að [...] hefði komið rekstrarlána sjóðnum inn í bankakerfið. Gjaldprot Y hefði lítil áhrif haft á sjóðinn þar sem Y hefði ekki fengið aðstoð þaðan fyrr en nokkrum árum seinna. Sagði ákærði að ef hann yrði gjaldproti yrði sjóðnum haldið utan við það. Síðan hefði verið farið að geyma sjóðinn utan við reksturinn í sprotafyrirtækjum en hann hefði ekki verið eignfærður á þau og væri sjóðurinn ekki rekinn á sjálfstæðri kennitölu, væri ekki skráningarskyldur og ekki væri haldið sérstakt bókhald vegna hans. Hluti sjóðsins hefði verið geymdur inni í félögum sem til stóð að fengju fé úr sjóðnum, í tveimur til þremur félögum í einu. Ákærði hefði haldið utan um það hvað væri til í sjóðnum. Aðalumhirdan hefði hins vegar verið hjá bankanum sem hýsti sjóðinn inni á bankareikningunum félaganna. Sagði ákærði að ekki hefði komið til skoðunar að hafa þetta í sama félagi og reksturinn eða á einum reikningi. Ekki hefði verið um að ræða feluleik með þessa peninga þar sem árlega væri greiddur fjármagnstekjuskattur af þeim. Kvaðst hann telja að þegar rannsókn málsins hófst hefðu um 230 milljónir króna verið inni á reikningum sjóðsins en hann vissi ekki hver útlán voru þá.

Ákærði sagði að framlagt skjal sem ber yfirskriftina „Endurgreiðsla rekstrarlána“ hefði verið útbúið af Þ og sent SRS og héraðssaksóknara vegna rannsóknar málsins. Skjalið sé byggt á yfirlitum vegna sjóðsins sem einnig hafi verið skilað til SRS. Samkvæmt skjalinu séu veitt rekstrarlán um 303 milljónir króna. Ákærði sagði B hafa lánað Y alls 116 milljónir króna af þessum reikningi og væri um að ræða heildarútlán af honum. Þá hefði hún lánað 17 milljónir króna úr öðrum banka og Z lánað Y 217.000 krónur. Sagði ákærði að B færi í banka, tæki féð út og afhenti X sem milligöngumanni og hann afhenti Y það. Z hefði ekki komið nálægt þessu. B hefði varðveitt hluta af sjóðnum og því bæði lánað úr sjóðnum og sitt fé. Það fé sem þarna sé skráð millifært á ákærða séu heildarmillifærslur á hann í gegnum tíðina og bæði sjóðurinn og B hafi lánað honum. Ákærði sagði að „A-veitt lán“ væri stuðningur og þá væru ekki teknir vextir. Ef Y fengi fé í gegnum ákærða frá sjóðnum þá notaði hann það í sinn rekstur og byggi til sína tekjureikninga sem hann sendi verkkaupa sem síðan greiddi inn á sameiginlegan bankareikning, fyrst firmans og síðan einkahlutafélagsins. Væri þá þegar búið að ákveða hvert hann ætti að greiða peningana til baka og þannig fengi sjóðurinn til baka sitt fé og Y afganginn. Þ sundurliði hver eigi hvað á reikningnum og þeir hafi alltaf vitað hvað Y ætti mikið af tekjunum. Sjálfur hefði hann greitt til baka með sama hætti. Þessar 227 milljónir króna á yfirlitinu skiptist á þessi sex félög sem ákærði eigi öll. Oft sé lagt inn á félögin þegar þau ætli að kaupa eign og þá á bankabók sem sé eyrnamerkt sjóðnum. Féð sé síðan greitt til baka þegar búið sé að fjármagna eign. Sjóðurinn komi tekjum og gjöldum félaganna ekki við þar sem um sé að ræða skuld við sjóðinn og sé því ekki talinn fram hjá þeim en féð renni alltaf í gegnum ÖÖ. Sagði ákærði að SRS hefði kallað eftir bókhaldi þessara félaga en ekki fundið neitt athugasemdir en þá hefði sjóðurinn verið í félögunum. Engir sérstakir skilmálar eða lánstími hafi verið vegna sjóðsins en almennt verið lánað til fimm ára. Telji ákærði að yfirlitið taki til sjóðsins allt frá upphafi. Telji hann líklegt að um 50 milljónir hafi verið í sjóðnum þegar hann tók við honum.

Ákærði sagði að það sem vantalið væri í I. og II. kafla ákæru væri vegna svokallaðra „núllreikninga“. Hann hefði oft þurft að skila bókhaldinu til skattsins, bæði vegna einkafirmans og einkahlutafélagsins, til að útskýra eitthvað, eins og t.d. kostnaðarreikninga. Hann sé oft að vinna fyrir [...] sem ekki greiði virðisaukaskatt. Virðisaukaskattsskýrslurnar hefðu því oft verið í mínus og hann lent reglulega í athugun skattýfirvalda og afhent þá öll gögn en aldrei verið gerðar neinar athugasemdir. Vörukaup þeirra hafi alltaf verið með virðisaukaskatti. Sama niðurstaða hefði orðið hvað varðaði skattskil hans ef Y hefði verið verktaki eða ef kreditreikningar hefðu verið gefnir út.

Undir ákærða voru borin tvö yfirlit úr bókhaldi [...], hreyfingar skuldunauta, annars vegar árin 2010 til 2014 vegna Æ ehf. og hins vegar árin 2010 til 2015 vegna ÖÖ og borinn undir hann hluti þeirra reikninga sem lagðir hafa verið fram. Hvað yfirlitin varðaði sagði ákærði að þar sæist að kreditreikningar væru yfirlitt gefnir út á undan kostnaðarreikningi sem væri mjög óeðlilegt og reikningum raðað þvers og kruss á milli ára. Þar séu þrjú reikningar dagsettir sama dag, 15. nóvember 2013. Hafnaði ákærði því að hafa fengið kreditreikninga frá D og sagði þessa reikninga ekki koma úr bókhaldi sínu. Þá kvaðst hann hafa staðgreitt reikning nr. 883, frá 6. júlí 2011. Eftir að einkahlutafélagið var stofnað hefði hann einnig verið áfram með starfsemi á sinni kennitölu og haldið bókhald. Reikningar [...], frá árinu 2013, nr. [...], [...], [...], [...] og [...], séu vegna vöru sem hafi verið keypt á hans kennitölu og ekki skilað og hafi

hann fengið reikninginn um leið og hann greiddi. Hefði hann verið með rekstur „til hliðar“ við að selja vörur sem hann lagði aðeins á. Þá voru bornir undir ákærða reikningar fyrir samskonar vörur sem eru stílaðir á einkahlutafélagið. Sagði ákærði að reikningur nr. [...], frá 15. nóvember 2013, væri kreditreikningur vegna einkahlutafélagsins og það stæðist enga skoðun. Eitthvað í bókhaldi [...] valdi þessu sem hann ráði engu um. Einkahlutafélagið hefði verið að kaupa þessar vörur.

Þá var borið undir ákærða yfirlit frá [...] vegna hreyfinga skuldara frá árunum 2010 til 2014. Sagði hann að gögnin frá [...] væru röng en á grundvelli þeirra væri því haldið fram að hann hefði tvíbókað reikninga og væri í einhverjum tilvikum verið að rugla saman firmanu og einkahlutafélaginu. Þá kvaðst hann ekki hafa fengið skýringar á því hvaða athugasemdir hefðu verið gerðar við reikning [...] nr. [...] með gjalddaga 14. nóvember 2014. Hvað varðaði reikning [...] ehf., með gjalddaga 31. janúar 2013, vegna kaupa á vél þá hefði hann keypt tvær til þrjár svona vélar á ári.

Ákærða var kynnt yfirlit yfir kostnaðarreikninga sem ekki eru taldir tilheyrja bókhaldi hans og kynnt að ákæran byggði á því að hann hefði lagt fram í rekstrinum kostnaðarreikninga sem ekki tilheyrðu rekstrinum í því augnamiði að hækka fjárhæð greidds innskatts og með því gera afkomu félagsins verri þannig að það greiddi lægri skatta. Borinn var undir ákærða reikningur [...] nr. [...], dagsettur 14. janúar 2011. Ákærði sagði hann vera vegna kaupa á sjónvarpi sem flutt hefði verið á verkstæðið og smíðaðar nýjar festingar á það og það síðan sett upp í [...]. Þeir hefðu verið í alls konar viðvikum fyrir viðskiptavinum sína og sinnt því sem þeir báðu um. Séu heimilistæki keypt fyrir [...] sé venjulega ekki keypt trygging. Þeir hefðu því sinnt verkefnum ótengdum [...]. Verkefni sem þessi hefðu venjulega verið rúkkud með vinnu eða t.d. sem [...] en ekki komið beint fram á tekjureikningum það tæki eða búnaður sem þeir voru að selja áfram. Gat ákærði ekki skýrt ástæðu þessa en sagði þetta gert að ósk viðskiptavina. Í skýrslu ákærða kom fram að þetta ætti einnig við um eftirfarandi reikninga: reikning [...] ehf., dagsettan 21. febrúar 2011, vegna kaupa á loftnetsdiski, [...] ehf., dagsettan 3. mars 2011, vegna kaupa á kæliskáp, [...], dagsettan 15. ágúst 2011, vegna kaupa á leðursófa, [...], dagsettan 16. ágúst 2011, vegna kaupa á skenk, [...] ehf., dagsettan 14. nóvember 2011, vegna kaupa á tvöföldum kæli- og frystiskáp, [...], dagsettan 18. desember 2011, vegna kaupa á sjónvarpstæki, [...], dagsettan 3. desember 2011, vegna kaupa á barstólum og sagði ákærði stólana hafa verið keypta fyrir vélstjóra, [...] ehf., dagsettan 9. apríl 2013, vegna kaupa á „iRobot“, [...], dagsettan 12. apríl 2013, vegna kaupa á myrkvunar- og „screen“-gardínum, [...], dagsettan 8. janúar 2012, vegna kaupa á tveimur sjónvarpstækjum, veggfestingu o.fl., [...], dagsettan 4. janúar 2012, vegna kaupa á örbylgjuofni, [...], dagsettan 21. janúar 2012, vegna kaupa á örbylgjuofni, [...], dagsettan 21. janúar 2012, vegna kaupa á kæliskáp, [...], dagsettan 23. janúar 2012, vegna kaupa á kæli/frysti, tvo reikninga frá [...], dagsetta 24. janúar 2012, nr. [...], vegna kaupa á borðstofustólum o.fl. og nr. [...], vegna kaupa á skenk og borði og sagði ákærði að kort ZZ ehf. hefði líklega verið notað þar sem félagið hefði ekki átt pening, reikning frá [...] ehf., dagsettan 31. janúar 2012, og sagði ákærði að hann hefði verið að skila rúmi og kaupa annað, en ákærði sagði að einhverra hluta hefði fyrri reikningurinn ekki ratað inn í bókhaldið, reikning [...], dagsettan 15. nóvember 2012, vegna kaupa á ísskáp, [...], dagsettan 3. maí 2013, vegna kaupa á sjónvarpstæki, [...], dagsettan 2. júlí 2013, vegna kaupa á uppþvottavél en ákærði kvaðst telja að sett hefði verið út á það að ákærði Þ greiddi fyrir vélinu en hann hefði síðar fengið endurgreitt, reikning [...], dagsettan 31. ágúst 2013, vegna kaupa á „cross trainer“ og bjöllu, nr. [...], tvo reikninga frá [...], dagsetta 19. október 2013, vegna kaupa á þurrkara, þvottavél o.fl., annars vegar og hins vegar vegna kaupa á helluborði, reikning frá [...], dagsettan 26. október 2013, vegna kaupa á háfi, [...], dagsetta 12. og 14. desember 2013, vegna kaupa á barstólum, [...], dagsettan 1. janúar 2014, vegna kaupa á kæli- og frystiskáp, [...], dagsettan 10. janúar 2014, vegna kaupa á útvarpsvekjara o.fl., [...], dagsettan 13. janúar 2014, vegna kaupa á barstól, [...], dagsettan 25. janúar 2014, vegna kaupa á ljósakrónu, borðlampa o.fl., [...], dagsettan 22. febrúar 2013, vegna kaupa á kæliskáp með frysti, [...], dagsettan 27. mars 2013, vegna kaupa á Smartgrilli, [...], dagsettan 6. janúar 2014, vegna kaupa á DVD-spilara o.fl., tvo reikninga [...], dagsetta 19. júlí 2014, vegna kaupa á borðstofustólum, og sagði ákærði þá hafa verið greidda með kreditkorti D, [...], sem hefði náð í vörurnar en hann síðan endurgreitt D, reikning [...], dagsettan 14. ágúst 2014, vegna kaupa á átta rúllugardínum, [...], dagsettan 22. ágúst 2014, vegna kaupa á frystiskáp, [...], dagsettan 16. september 2014, vegna kaupa á sófa, [...], dagsettan 21. nóvember 2014, vegna á kaupa á gluggatöldum,

[...], dagsettan 7. nóvember 2014, vegna kaupa á gardinum, og dagsettan 12. desember 2014, vegna kaupa á fataskáp.

Bornar voru undir ákærða greiðslukvittanir [...], dagsettar 8. janúar 2011 og reikningur [...] nr. [...], dagsettur sama dag. Sagði ákærði ágreininginn einungis snúast um sófasett sem keypt hefði verið á kaffistofuna á [...], þar sem fyrirtækið væri með aðstöðu. Þá hafnaði ákærði því að reikningar E væru tvíbókaðir og sagði hann E hafa unnið verk fyrir sig í fleiri en einum áfanga. Alls væru sex reikningar frá honum í bókhaldinu. Hann hefði unnið verk í þremur hlutum og skilað tveimur reikningum vegna hvers hluta. Þá sagði ákærði reikning frá [...] ehf., dagsettan 2. maí 2011, vera vegna kaupa á reiðhjóli fyrir starfsmenn til að nota við vinnu. A hefði sótt hjólið fyrir hann og lagt út fyrir því. Hvað varðaði reikning frá [...], dagsettan 14. apríl 2012, vegna kaupa á tveimur hjólum þá hefðu þar verið keypt fleiri hjól fyrir verkstæðið og einnig samkvæmt reikningi [...], dagsettum 30. mars 2013, vegna kaupa á hjóli, hjálm, lás o.fl. Sagði ákærði að þarna hefði fjórða hjólið verið keypt á verkstæðið. D [...] hefði hjálpaði honum og náð í hjól sem hann var búinn að panta. Reglur hjá [...] valdi því að skrá verði einstakling sem kaupanda en ekki sé hægt að skrá fyrirtæki. D hefði greitt hjólið og hann endurgreitt D. Borinn var undir ákærða Reikningur [...] ehf., dagsettur 17. maí 2013, og sagði ákærði hann vera vegna síðasta hjólsins sem keypt hefði verið á verkstæðið.

Þá voru bornir undir ákærða reikningar ákærða, dagsettir 2., 7., 12., 13., 18., 24. og 29. mars og 2., 15., 19., 26. og 30. apríl 2012 vegna sölu á [...] til Æ ehf. Kvaðst ákærði hafa verið að selja gamlar birgðir sem hann hefði átt en hann hefði verið búinn að vera í rekstri frá árinu 1988 og hefði þetta verið fært til tekna í bókhaldi hans. Hvað varðaði reikning [...], dagsettan 24. ágúst 2011, vegna kaupa á þvottavél þá hefði sú vél verið keypt fyrir reksturinn og verið notuð til að þvo vinnugalla starfsmanna. Eigi það einnig við um þvottavél sem keypt var samkvæmt reikningi [...], dagsettum 1. nóvember 2012, og reikningi [...], dagsettum 15. mars 2013.

Þá sagði ákærði að reikningur [...] hf., dagsettur 3. maí 2011, virtist vera tvíbókaður en um væri að ræða mistök hjá [...]. Hann hefði sett upp tvo vaska í vinnuástöðu í [...] sem hefðu verið sóttir í verslunina á mismunandi tíma. Um sé að ræða reikning og afrit og þannig hafi hann fengið þetta frá versluninni. Ákærði sagði að reikningur [...], dagsettur 10. júlí 2011, væri vegna moldar, plantna o.fl. sem notað hefði verið utandyra við verkstæðið og því keypt fyrir reksturinn. Reikningur [...] ehf., dagsettur 25. júní 2011, væri vegna kaupa á m.a. vöðlum og öðrum veiðivörum og notað þegar verkkaupa hefði verið boðið í veiðitúr og væri því um að ræða kostnað vegna rekstursins. Borinn var undir ákærða reikningur [...], dagsettur 8. desember 2011, vegna auglýsingar og skráningar á [...], á kennitölu ákærða. Kvaðst ákærði telja að [...] hefði gert mistök þar sem þetta hefði átt að vera skráð á kennitölu einkahlutafélagsins. Hvað varðaði reikninga [...], dagsetta 2. nóvember 2011, nr. [...], vegna kaupa á kæliskáp og nr. [...] vegna kaupa á frystiskáp sagði ákærði að þessi tæki hefðu verið sett upp [...]. Hefði hann því keypt þessar vörur til að selja þær áfram. Þá sagði ákærði að reikningur [...], dagsettur 3. nóvember 2011, væri vegna bólstrunar og klæðningar á fimm eldhússtólum sem væru á kaffistofu félagsins.

Þá sagði ákærði að reikningur [...], dagsettur 28. nóvember 2011, væri vegna kaupa á uppþvottavél sem sett hefði verið [...] í [...] sem þeir hefðu þá verið að vinna í á [...]. Vélin hefði verið pöntuð að sunnan og sent á F sem hefði verið með sendibíl og hún sótt vélina og skutlað henni niður í skip. Þá var borinn undir ákærða afhendingarseðill frá [...], dagsettur 5. janúar 2011. Sagði ákærði að frumritið hefði týnst og [...] neitað að láta hann hafa nýtt frumrit en afhent þetta skjal í staðinn. Þarna sé um að ræða kaup á fartölvu sem notuð var á verkstæðinu, m.a. til að stilla stýribúnað. Hvað varðaði reikning [...], dagsettan 11. janúar 2012, vegna kaupa á geislaspilara hátölurum o.fl. sagði ákærði að þeir hefðu skipt um „græjur“ í einni af bifreiðum þeirra og einnig sett á hann myndavél þar sem ítrekað hefði verið ekið á bifreiðina. Þá var borinn undir ákærða reikningur [...], dagsettur 30. mars 2012, vegna staðfestingar á tilboði. Kvað ákærði þá hafa verið að kaupa prófílbita til að smíða úr. Reikning [...] ehf., dagsettan 10. apríl 2012, vegna umsýslugjalds sagði ákærði vera vegna kaupa Æ ehf. á íbúð í fjölbýlishúsi fyrir 60 ára og eldri. Hefði íbúðin því verið skráð á [...] hans í stað félagsins. Hefði þetta verið beinn kostnaður fyrir félagið og sagði ákærði að rekstrarlánasjóður hefði stutt þessi kaup. Ákærði sagði reikning [...] ehf., dagsettan 14. janúar 2013, vera vegna sömu fasteignakaupa og sama skýring ætti við. Ákærði sagði um

reikning frá [...], dagsettan 4. apríl 2012, vegna kaupa á grasteppi að það hefði verið keypt til að setja í horn utandyra við verkstæðið. Reikning [...] ehf., dagsettan 24. júlí 2012, fyrir þjónustu- og umsýslugjald, sagði ákærði vera vegna kaupa Æ ehf. á eign að [...]. Eignin hefði síðan verið færð yfir á XX ehf. Rekstrarlánasjóður hefði stutt þessi kaup. Þá sagði ákærði að gardínur samkvæmt reikningi frá [...], dagsettum 3. ágúst 2012, hefðu verið keyptar fyrir skrifstofuna. Reikningur frá [...], dagsettur 1. ágúst 2012, sem samkvæmt reikningi er lokagreiðsla vegna vinnu við svalalokun o.fl. sagði ákærði að væri vegna kaupa á fleiri prófílum og öðru slíku. Ætlunin hefði verið að setja þetta upp en ekki orðið af því. Þá var borinn undir ákærða reikningur frá [...], dagsettur 4. september 2012, fyrir viðgerðir á bifreiðinni [...]. Ákærði sagði félagið hafa átt fjórar gamlar bifreiðar sem voru sífellt að bila. [...] Z hefði lánað þeim bifreiðina í reksturinn í nokkra daga en þeir þá skemmt hana. Ákærði sagði blandara og veðurstöð sem greinir á reikningi [...], dagsettum 15. september 2012, hafa verið keypt í reksturinn. Það sama eigi við um vörur samkvæmt reikningi frá [...], dagsettum 6. júní 2012, vegna kaupa á ljósakrónu, púðum o.fl. Ljósakrónan væri á kaffistofunni. Einnig var borinn undir ákærða reikningur [...] ehf., dagsettur 25. október 2012, vegna kaupa á pústkerfi o.fl. Ákærði sagði G, sem vann hjá honum, hafa átt og lánað rekstrinum bifreiðina og þeir skemmt hana. Ákærði sagði reikning frá [...], dagsettan 26. október 2012, fyrir ljósdeyfi o.fl. vera vegna smíði rafmagnskassa sem settir væru á [...]. Þeir hefðu smíðað þrjá svona kassa og væru þrír reikningar vegna þessa í bókhaldinu. Reikning [...], dagsettan 26. október 2012, fyrir ljósdeyfi o.fl. sagði ákærði einnig vera vegna smíði rafmagnskassa og væri vegna annars skáps af þremur. Reikning [...], dagsettan 15. desember 2012, fyrir [...] og akstur sagði ákærði vera vegna teikninga. Bornir voru undir ákærða reikningar [...], tveir dagsettir 2. nóvember 2012 og einn dagsettur 18. og annar 21. desember 2012, fyrir akstur varahluta, akstur fólks, efni og varahluti. Ákærði sagði kennitölu sína vera á reikningum en ekki félagsins. Hann hefði lengi verið í viðskiptum við [...] sem næði í varahluti fyrir hann o.fl. Þá sagði ákærði að Sodastream-tæki samkvæmt reikningi [...], dagsettum 12. október 2012, hefði verið keypt fyrir starfsmenn. Borinn var undir ákærða reikningur frá [...], dagsettur 21. desember 2012, vegna eldhúsvigtar, steikarpönnu og loks. Sagði ákærði að pannan væri fyrir [...], sem væri svo sett á prímus og olían hitnuð og í henni hitaðar legur. Hitinn þurfi að vera nákvæmur og sé kjöthitamælir notaður til að tryggja það og sé þetta mun ódýrara en að kaupa sérhæfðar hitunargræjur. A hefði keypt þetta fyrir hann og hann endurgreitt henni. Reikningur frá sama aðila, dagsettur 23. desember 2012, vegna kaupa á kjöthitamæli væri vegna mælis sem notaður hefði verið til að mæla hitann á olfunni. Þá voru bornir undir ákærða þrír reikningar frá [...], nr. [...], dagsettur 27. desember 2012, nr. [...], dagsettur 1. nóvember 2012, og nr. [...], dagsettur 27. desember 2012. Kvaðst ákærði telja að hann væri sakaður um að nota sömu reikningana oft en það væri rangt. Allt sem hann hefði keypt hjá [...] hefði verið greitt með peningum.

Borinn var undir ákærða reikningur hans nr. [...], dagsettur 30. september 2012, vegna merktra vinnugalla og lagfærðs [...]. Kvaðst ákærði hafa verið að selja vinnugalla sem hann átti og tankinn, úr sínum rekstri. Ekki sé þar um að ræða sömu galla og fram komi á reikningi [...], dagsettum 24. febrúar 2012, vegna m.a. tveggja heilgalla. [...] hefði gert þau mistök að setja gallana á hans kennitölu í stað einkahlutafélagsins. Þá var borinn undir ákærða reikningur [...], dagsettur 11. janúar 2012, vegna sandblásturs, afsinkunar o.fl. og sagði ákærði að þetta væri ranglega skráð á firmað. Hann hefði verið í viðskiptum við þennan aðila þegar hann var með firmað og hefði röng kennitala verið sett á reikninginn, þ.e. XX í stað þess að stíla reikninginn á einkahlutafélagið. Bornir voru undir ákærða fimm reikningar hans, dagsettir 1., 8., 12. og 15. janúar og 15. febrúar 2013, vegna m.a. sölu á [...]. Kvaðst hann hafa verið að selja yfir í einkahlutafélagið lager firmans og ætti það sama við um reikninga hans dagsetta 18. og 20. janúar 2013 og tvo reikninga dagsetta 15. febrúar 2013.

Borinn var undir ákærða reikningur [...], dagsettur 4. mars 2013, vegna kaupa á eikarplastparketi, hljóðeinangrandi undirlagi og eikarlistum. Ákærði sagði að tjón hefði orðið þegar [...] var settur upp og hefði parket skemmst þegar pípa gaf sig í nýju kerfi og þeir bætt það tjón. Hefði hann sjálfur keypt parket og skipt um. Hvað varðaði reikning [...] ehf., dagsettan 5. mars 2013, vegna efnis, flots og grunns og vegna vinnu og aksturs sagði ákærði að þessi kostnaður væri vegna sama tjóns, flotið hefði einnig skemmst en tryggingarnar hefðu ekki viljað bæta tjónið. Þá sé reikningur H fyrir parketlögn á 60 fermetrum og kítta, án dagsetningar, einnig vegna sama tjóns. Þá sagði ákærði að meira en parkertið hefði skemmst og væru

reikningar [...], dagsettur 8. og 10. mars 2013, vegna þess, en þar hefðu m.a. verið keyptir skápar. Benti ákærði á að á tveimur síðastnefndum reikningum sæist að á þá hefði verið ritað „klefi“ en það væri rýmið þar sem gólfíð skemmdist. Ákærði sagði að reikningur H, dagsettur 11. mars 2013, vegna parketlagnar á 25 fermetrum væri einnig vegna sama tjóns og einnig reikningur [...], dagsettur 11. mars 2013, vegna kaupa á 27 fermetrum af eikarplastparketi.

Borinn var undir ákærða reikningur [...] ehf., dagsettur 18. desember 2012, nr. [...], og ákærða bent á að þessi reikningur hefði verið samþykktur en reikningi sama aðila frá sama degi og með sama númeri hefði verið hafnað og talið að hann væri tvíbokaður. Ákærði sagði þetta vera rangt. Þarna séu þeir að kaupa sama efni og geri það í tveimur hlutum. Um sé að ræða efni sem hann láti sérstaklega útbúa fyrir sig. Mistök seljanda valdi því að sama númer sé á þessum reikningum. Borinn var undir ákærða reikningur [...] sf., dagsettur 9. apríl 2013, vegna myndunar og hreinsunar á lögn. Sagði ákærði að rör hefði gefið sig á stæði við verkstæðið og hefði þessi þjónusta verið keypta vegna þess. B hefði verið með manningu fyrir hádegi þar sem ákærði hefði ekki verið við. Þetta hefði verið unnið í tveimur hlutum og tveir reikningar gerðir vegna þess. Ákærði sagði að poppkornsvél sem keypt var samkvæmt reikningi [...], dagsettu 4. maí 2013, hefði verið fyrir fyrirtækið og að reikningur [...], dagsettur 3. september 2013, fyrir gleraugu væri vegna gleraugna fyrir starfsmann sem hefði skemmt sín við vinnu. Starfsmaðurinn hefði pantað gleraugun en A náð í þau og hann síðan endurgreitt A. Reikningur [...], dagsettur 5. desember 2014, vegna kaupa á gleraugum væri einnig vegna starfsmanns sem hefði skemmt gleraugu við vinnu.

Borinn var undir ákærða reikningur [...], dagsettur 6. nóvember 2013, fyrir plötu, vinnu við skurð og slípun plötu o.fl. Ákærði sagði reikninginn vera vegna kaupa á plastplötu sem þeir notuðu í gólf [...] og stundum einnig á vegg. Sama eigi við um tvo reikninga [...], dagsetta 26. október 2013. Þá sagði ákærði að reikningur [...] hf., dagsettur 12. nóvember 2013, fyrir efni og uppsetningu væri vegna kaupa á prófílefni sem þeir smíðuðu úr. Reikningur [...] hf., dagsettur 25. október 2013, vegna sögunar fyrir rör o.fl. væri rangur og hefði því verið skrifað inn á hann vegna hvers hann væri. Sagði ákærði að þeir hefðu verið að setja upp [...] og þurft að gera gat á útvegg og fengið þennan aðila til að gera gatið. Ákærði sagði reikning [...] dagsettan 21. desember 2013, vera vegna kaupa á „Garmin forerunner“ fyrir verkkaupa og væri um að ræða hallamæli og hitamæli. Þá var borinn var undir ákærða reikningur [...], dagsettur 31. janúar 2013, og honum kynnt að hann kæmi tvisvar fram. Sagði ákærði þetta vera mistök hjá seljanda. Um væri að ræða sína hvora vélina og hefði firmað keypt aðra og félagið hina. Bornir voru undir ákærða sex reikningar frá [...], nr. [...], [...], [...], [...] og [...], dagsettir í nóvember og desember 2013, vegna kaupa á [...]. Vísaði ákærði hvað þetta varðaði til fyrri svara varðandi reikninga frá [...] vegna kaupa á freoni af [...]. Borinn var undir ákærða reikningur [...], dagsettur 10. janúar 2014, vegna kaupa á hnífum, brýni o.fl. og sagði ákærði þetta hafa verið keypt til að nota í starfseminni. Hnífana notuðu þeir á verkstæði við skurð á einangrun og væri þetta innifalið í verklíðnum „einangrun“ á reikningi verkkaupa.

Hvað varðaði sex reikninga ákærða, dagsetta 25. mars 2014, nr. [...], [...], [...], [...] og [...], kvæðst ákærði hafa verið að selja einkahlutafélaginu gamlar birgðir og væri þetta fært til tekna í bókhaldi hans. Ákærði sagði reikning [...] dagsettan 14. maí 2014, fyrir viðgerð á bifreiðinni [...] vera vegna tjóns á bifreið I, [...], sem reksturinn hefði fengið lánaðan. Reikningur [...] ehf., dagsettur 10. júní 2014, væri vegna vinnu við niðurfallsrör sem hefði bilað á planinu við verkstæðið. Sagði ákærði það ekki rétt að verkið hefði verið unnið á Sogavegi. Reikningur [...] ehf., dagsettur 23. júní 2014, fyrir slípun og lökkun á 74 fermetrum og fimm þröskuldum sagði ákærði vera vegna klæðningar á [...]. [...] hefði séð um að setja parket utan á [...]. Reikning [...] ehf., dagsettan 24. júní 2014, sagði ákærði vera vegna vinnu við að fjarlægja fleyggjót o.fl. á Vagnhöfða. Þeir hefðu áður náð í jarðefni á Sogavegi og farið með upp á Vagnhöfða. Ákærði sagði að reikningur [...], dagsettur 24. júlí 2014, fyrir hleðslutæki, hraðsuðukatli, o.fl., væri vegna kaupa á tækjum á kaffistofu sem hefði þurft að endurnýja. Reikningur [...], dagsettur 16. júlí 2014, fyrir viðgerðum á bifreið sagði ákærði að væri vegna bifreiðar einkahlutafélagsins sem hefði skemmt. Hann hefði greitt allan kostnaðinn til að missa ekki iðgjaldalækkun næsta ár. Reikning [...], dagsettan 19. júlí 2014, fyrir lugt, viðarólú o.fl., sagði ákærði að væri vegna kaupa fyrir félagið, fyrir hornið utandyra, og hefði verið um að ræða endurnýjun þessara hluta. Reikning [...], dagsettan 28. júlí 2014, fyrir gashylki, tjaldi, matar- og kaffistelli o.fl. sagði ákærði vera vegna verkefnis. Tjaldið hefði verið

notað yfir þessar pípur sem þeir voru að sjóða og ekki hefði mátt koma ryk í en Sodastream-hylkið hefði verið keypt fyrir starfsmenn. Þá var borinn undir ákærða reikningur sama aðila, dagsettur sama dag, fyrir sömu vörum sem samþykktur hafði verið af skattyfirvöldum. Sagði ákærði þá að um væri að ræða sömu vöruna sem keypt hefði verið aftur. Þá voru bornir undir ákærða tveir reikningar [...], dagsettir 10. janúar 2014, sem talið er að séu tvíþokaður og hafnaði ákærði því og sagði að um væri að ræða sams konar vöru keypta tvisvar og væri um mistök hjá [...] að ræða. Loks var borinn undir ákærða reikningur [...], dagsettur 21. desember 2014, fyrir þönnu. Ákærði sagði að þarna hefði hann verið að endurnýja olíupönnuna.

Ákærði sagði Z ekki hafa haft neina aðkomu að fyrirtækinu á árunum 2009 til 2014. Hann hefði ekki verið í forsvari né tekið ákvarðanir varðandi bókhald, greiðslur úr rekstri eða annað. Sagði hann Z ekki geta séð um bókhald þar sem hann væri [...] og hefði hann aldrei millifært eða lánað peninga. Yfirleitt hefðu bankakvittanir verið láttnar nægja þegar fé var lánað en ekki gerðar skuldaviðurkenningar. Z hefði unnið um eina til tvær klukkustundir á mánuði en aðallega komið á vinnustaðinn til að spjalla. Sagði ákærði það rangt sem greinir í 3. tölulið III. kafla ákæru, að hann hefði ráðstafað fé til Z og Y sem væri ávinningur ætlaðs skattalagabrots enda engin slík brot framin. Kvaðst ákærði með millifærslunum hafa verið að greiða Z til baka lán og að hluta hefði hann verið að greiða inn á rekstrarlánaþjóf. Hvað varðaði millifærslur sem taldar eru Z til tekna í ákæru sagði hann að greiðslur inn á reikning Ö ehf. nr. [...] væru vegna rekstrarlánaþjófs og um að ræða endurgreiðslu lána sem B hefði veitt og hefðu ekkert með Z að gera. Ætti það einnig við um millifærslur inn á reikning Z nr. [...], en B hefði stjórnað þeirri bók, og inn á reikning B nr. [...]. Millifærslurnar hefðu ekki verið tekjur Z. Sagði ákærði að eigandi Ö ehf. hefði einn getað tekið út af reikningi félagsins.

Ákærði sagði Y hafa verið launamañn hjá sér í einhvern tíma á því tímabili sem ákæra taki til og honum þá verið greidd laun. Y hefði engar fjárhagslegar ákvarðanir tekið hvað varðaði reksturinn og engin afskipti haft af honum. Rekstur þeirra tveggja hefði verið alveg aðskilinn. Hann hefði ekkert komið nálægt bókhaldi eða reikningsgerð vegna firmans eða einkahlutafélagsins, virðisaukaskattsskýrslur hefðu ekki verið bornar undir hann og hann hefði ekki verið í samskiptum við skattyfirvöld. Stjórnarseta Y í Æ ehf. hefði einungis verið „frontur“ og ekki hefðu verið haldnir stjórnarfundir sem hann hefði setið. Ákærða var kynnt að Y væri ákærður fyrir að hafa ekki talið fram tekjur frá firma ákærða og Æ ehf. og væri þar um að ræða greiðslu sem lagðar voru inn á reikning ÞÞ ehf., Ö ehf. og ZZ ehf. Kvað ákærði þessa fjármuni hafa tilheyrt rekstrarlánaþjófi en ekki Y og hefði hann sjálfur ákveðið þessar millifærslur í samráði við Þ. Y sé skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi í ÞÞ ehf. sem sé í eigu ákærða. Y hefði ekki haft frjálssar hendur um það hvernig fjármuninum var ráðstafað heldur átt að bera það undir ákærða.

Ákærði sagði Y venjulega hafa verið að vinna [...] og ekki verið með aðstöðu á verkstaðinu. Hann hefði mátt koma þangað ef hann þurfti og það hefði hann gert þegar hann gaf út reikninga í bókhaldskerfi ákærða. Hann hefði ekki geymt bókhaldsgögn eða annað sem tilheyrði rekstri hans hjá ákærða. Þá sagði ákærði að þau bókhaldsgögn sem til væru um sjóðinn væru aðallega frá bankakerfinu en hugsanlega væru til einhver eldri gögn. Framlagt yfirlit yfir endurgreiðslu rekstrarlána taki líklega til tímabilsins frá 1990.

Ákærði Z kvaðst alfarið neita sök. Hann hefði sjálfur ekki komið neitt að skattamálum sínum eða fjármálum almennt heldur hefði hann látið aðra sjá um þau enda sé hann [...]. Slíkt sé [...] en geta hans snúi að verklegum þáttum. Ákærði Þ hefði séð um að skila framtölum hans allt frá því árið 1988. Þau hjónin hefðu efnast ágætlega fyrir hrun en kona hans síðan slasast og orðið í kjölfarið sjúklingur. Hann hefði þá minnkað við sig vinnu til að sjá um heimilið. Á árunum 2009 til 2014 hefði hann einstaka sinnum unnið fyrir ákærða X. Kvaðst hann engin tengsl hafa við Æ ehf. þrátt fyrir að sitja í stjórn félagsins og vera framkvæmdastjóri og prókúruhafi. X hefði átt að vera búinn að skrá hann úr félaginu fyrir löngu. Hann hefði upphaflega verið skráður „formsins vegna“ en enga aðkomu haft að rekstrinum eða bókhaldi félagsins. Þá kvaðst hann engin tengsl hafa við Ö ehf. og enga aðkomu að rekstri félagsins þrátt fyrir að vera skráður stjórnarmaður og hefði X einnig átt að vera búinn að skrá hann úr því félagi. Ákærði kvaðst heldur ekki hafa haft nein tengsl við XX ehf., YY ehf. og ÞÞ ehf. Hvað varðaði ÆÆ ehf. þá hefði hann heldur engin tengsl við það félag önnur en að vera skráður varamaður í stjórn en hefði aldrei verið kallaður til starfa.

Kvaðst ákærði enga aðkomu heldur hafa haft að rekstri firmans sem X var með, fyrir utan einstaka viðvik. Hann hefði verið með debetkort sem skráð var á firmað og á Æ ehf. en X hefði „pint“ hann til að hafa þau svo hann gæti fylgst með því sem hann keypti. Ákærði staðfesti að tekjuhlið skattframtala hans 2010 til 2015 vegna árána 2009 til 2014 væri rétt og sagði Þ hafa skilað þeim inn án þess að bera undir hann. Borið var undir ákærða yfirlit héraðssaksóknara fyrir árin 2009 til 2014 vegna ætlaðra vantalinna launatekna ákærða er sýnir bæði greiðslur frá firma ákærða X og Æ ehf. Sagði ákærði að þeir fjármunir sem þarna rynnu til hans og Lindu hlytu að vera endurgreiðslur á lánum frá B og hefði hann ekki aðrar skýringar á þeim. Ákærði kvaðst ekki koma nálægt bankareikningunum þrátt fyrir að hafa aðgang að þeim. Var ákærða kynnt að samkvæmt gögnum hefði B framkvæmt flestar millifærslurnar og kvaðst ákærði ekki geta útskýrt það. Þá kvaðst hann ekki vita hvers vegna endurgreiðslur hefðu farið inn á reikning Ö ehf. í stað reiknings þeirra hjóna. Sagði ákærði það rangt sem þar kæmi fram, að hann hefði vantalið launagreiðslur um 79 milljónir króna.

Ákærði kvaðst ekki vita hvort einhver gögn væru til um lánveitingar B til rekstursins. Hún hefði alfarið séð um þetta og sennilegt væri að lánin hefðu almennt verið veitt með reiðufé. Þá kvaðst ákærði hafa í stuttan tíma verið með debetkort vegna bankareiknings B nr. [...]. Kvaðst ákærði ekki vita í hvað þeir fjármunir fóru sem greiddir voru inn á reikning þeirra hjóna. Ákærða var kynnt að samkvæmt rannsókn málsins væri talið vera sambengi á milli úttekta af bankareikningi Ö ehf. sem B kvittaði fyrir úttekt á og bifreiðakaupa fyrir heimili þeirra. Kvaðst ákærði þá alfarið vísa á B hvað þetta varðaði og sagði hana alfarið hafa séð um bifreiðakaup fyrir heimili þeirra. B hefði á þessum tíma verið mjög vel sett fjárhagslega. Hún hefði átt töluverða fjármuni sem hún hefði lánað til rekstursins [...].

Ákærða var kynnt að 18 milljóna króna greiðsla inn á reikning Ö ehf. væri samkvæmt ákæru talin vera tekjur hans. Sagði ákærði þá að hann ætti ekki það félag og hefði ekki haft aðgang að bankareikningi þess. Hafnaði hann því að þetta væru tekjur sem hefðu runnið til hans. Það sama ætti við um 28 milljónir króna sem lagðar voru inn á bankareikning B. Hvað varðaði greiðslur samtals að fjárhæð um 43 milljónir króna sagði ákærði að sú bankabók, nr. [...], væri eini bankareikningur hans. Hún hefði verið stofnuð í hans nafni en hann ekki gert það sjálfur og aldrei tekið út af henni heldur B. Kvaðst hann aldrei fara í banka til að taka út peninga. Ákærði sagði þau hafa keypt hús í kringum 1995 og hefði verðmæti þess aukist með tímanum en annars hefðu eignir þeirra ekkert aukist á þeim tíma sem ákæra tekur til. Ákærði kvaðst í gegnum tíðina hafa unnið ýmis störf og í mörg ár við [...]. Hann hefði minnkað við sig vinnuna þegar B slasaðist. Sagði hann B hafa fengið arf og slysbætur og hefði hún einnig átt bankabréf sem hún hefði selt fyrir hrúnið og hagnast mikið á, auk þess sem hún hefði hagnast á gjaldeyrisviðskiptum um tíma. Sagði ákærði B hafa alfarið séð um fjármálin og Þ séð um skattskil fyrir sig síðan 1988. Kvaðst hann vita að B hefði oft lánað X. Ákærða var kynnt að fé af reikningi nr. [...] hefði samkvæmt málgögnum verið ráðstafað inn á reikning J ehf. og staðfesti ákærði þá að þau B ættu það félag og kvaðst hann ekki vita hvort féð fór inn á þann reikning en reikna með því. Ákærða var kynntur framburður hans hjá SRS og sagði hann það rangt sem þar kæmi fram, að hann færi yfir skattskýrslurnar áður en þeim væri skilað.

Ákærði Þ kvaðst neita alfarið sök samkvæmt ákæru og sagði allt sakarefnið vera rangt. Telji hann að með ákæru sé verið að stela af honum öllu sem hann hafi safnað um ævina. Þá vilji hann fá rekstrarlánasjóð til baka, þann hluta af honum sem hann eigi. Ákærði upplýsti að hann væri [...] en hefði í gegnum tíðina starfað sem bókarí hjá nokkrum fyrirtækjum og stofnunum. Hann hefði [...]. Nú sé hann kominn á „[...]“. Hann hefði starfað sem bókarí fyrir þau fyrirtæki sem rekstrarlánasjóður hefði stofnað og verið skoðunarmaður þeirra félaga. X hefði haft það hlutverk að útdeila fjármunum sjóðsins en hann sjálfur séð til þess að „þetta fari ekki allt í vitleysu“.

Ákærði staðfesti að hafa útbúið og skilað framlögðum skattframtölum ákærða Z vegna árána 2009 til 2014 og sagði að flestar upplýsingarnar hefðu verið forskráðar af skattstjóra. Hann viti ekki hvort hann eða B fór yfir þau áður en þeim var skilað. Séu þau byggð á gögnum frá skattstjóra og þ. á m. launatekjum sem uppgefnar voru af ákærða X. Sagði hann B hafa fengið fé frá föður sínum og ættmennum og sett í rekstrarlánasjóð. Á meðan sjóðurinn sé í bankakerfinu til varðveislu sé ekki hægt að skipta honum upp þar sem enginn viti hvernig eigi að gera það. Kvaðst hann í einhverju tilviki hafa hringt í skattstjóra og spurt hvar hann ætti að setja rekstrarlánasjóð á framtalið og var honum þá sagt að sleppa því að reyna

að skipta sjóðnum en það kæmi að því að honum yrði skipt eða hann „festist“. Sagði ákærði að B hefði séð um sinn hluta af rekstrarlánaþjóði á meðan hann var á reikningi nr. [...] í [...].

Borið var undir ákærða yfirlit yfir ætlaðar vantaldar launatekjur Z frá firmanu ÖÖ og samnefndu einkahlutafélagi og hann spurður hvort honum væri kunnugt um að samtals um 79 milljónir króna hefðu verið millifærðar inn á reikninga Z, B og Ö ehf. Sagði ákærði þá að þetta væri rangt og með þessu væri verið að ræna rekstrarlánaþjóð og búa til launagreiðslur. Greiðslurnar sem millifærðar voru inn á reikninga hefðu komið úr sjóðnum. Benti ákærði á að ef einhver fengi tíu sinnum lánaðar tíu þúsund krónur þá væri það ekki hundrað þúsund krónur ef það væri alltaf greitt til baka. Hann hefði rakið endurgreiðslurnar í bréfi til SRS en engin svör fengið. Þá sagði hann greiðslur í reiðufé vanta inn á öll yfirlit. Vísaði hann sérstaklega til þess að ákærði Y hefði ekki getað notað annað en reiðufé. Hefði þetta verið gert þannig að B hefði látið Y hafa fé, á meðan [...] var, 20-30.000 krónur á viku eða minna, til að hann gæti greitt laun eða verktökum. Þeir hefðu einungis viljað fá reiðufé. Y hefði ekki fengið virðisaukaskattsnúmer og því hefði „allt verið í klessu“ hjá honum. Ákærði kvaðst hafa haldið að hann hefði skilað bókhaldi en það hefði hann ekki gert.

Ákærði kvaðst hafa séð um bókhald ÖÖ og samnefnds einkahlutafélags á árunum 2009 til 2014. Hann hefði á þessum tíma vitað að bæði X og Y gáfu út sölureikninga á félögin. Hann hefði talað við skattstjórnann í Reykjavík sem hefði sagt að svona væri hægt að gera þetta til bráðabirgða þangað til Y fengi virðisaukaskattsnúmer, kannski viku síðar, en það hefði aldrei komið. Kvaðst hann hafa viljað tryggja sig með því að spyrja um þetta. Þá hefði hann ítrekað farið til skattstjóra vegna athugasemda og komið með skýringar. Vinnulagið hjá báðum félögunum hefði verið þannig að X setti reikningana í möppu sem ákærði hefði síðan tekið. Ef honum fannst eitthvað vafasamt hefði hann hringt í það fyrirtæki sem gaf út reikning til að fá skýringar. Ef greitt var með reiðufé þá var ekki færsla á bankayfirliti á móti. Stundum hefði verið greitt í gegnum rekstrarlánaþjóð og þá getað verið erfitt að rekja greiðslurnar. Hann hefði hins vegar getað rakið greiðslurnar í hina áttina til fyrirtækjanna og einnig spurt X. Hann hefði engin gögn fengið frá Y sem hefði sjálfur séð um sína tekju- og kostnaðarreikninga. Hann kvaðst ekki hafa haft aðgang að bankareikningum en fengið yfirlit og [...] hefði séð um innheimtu reikninga. Hann hefði kannað hvort tekjureikningar stemmdu við bankareikninginn. Þá hefði hann fengið yfirlit frá X og eina tölu frá Y. Sagði ákærði að Y hefði gefið út reikninga og „núllað“ þá. Þeir reikningar hefðu ekki verið settir í bókhaldið af því að hann fékk enga sölureikninga, engan kostnað á móti. Y hefði séð um sitt bókhald vegna K og hefði átt að telja þetta fram. Ákærði sagði að sér hefði fundist það óþægileg staða að bæði X og Y hefðu verið að gefa út reikninga vegna firmans og einkahlutafélagsins og því hefði hann talað við skattinn. Svona hefði þetta mátt vera til bráðabirgða en þetta væri einungis gert í undantekningartilvikum. Ítrekað hefði verið sótt um virðisaukaskattsnúmer fyrir Y og ávallt sagt að það væri alveg að koma. Ákærði kvaðst hafa útbúið fyrirliggjandi yfirlit yfir endurgreiðu rekstrarlána. Sagði hann B hafa átt reikning nr. [...] hjá [...] og um þann reikning hefði hún séð. Um sé að ræða uppsafnaðar greiðslur á yfirlitinu. Ákærði sagði að í flestum löndum þar sem hlutirnir gangi vel séu sjóðir eins og þessir. Grundvöllur þeirra sé ávallt fyrirtæki en þaðan komi tekjurnar. Sjóðirnir séu bakhjarlar fyrirtækja en ef þau ganga sæmilega þurfi þau ekki fé úr sjóðunum. Sjóðurinn sé ekki sjálfur með rekstur og þurfi því ekki að vera með kennitölu. Tekjur hans séu fjármagnstekjur úr bönkum og af þeim sé greiddur skattur. Þá sé búið að borga erfðafjárskatt af því fé sem runnið hafi í sjóðinn. Sjóðurinn sé vistaður á ýmsum bankareikningum; til að vera vel hýstur og til að geta veitt fyrirtækjunum bakstuðning. Sagði ákærði að fyrirtæki fengju ekki greiðslufrest ef þau gætu ekki sýnt fram á að eiga fyrir t.d. vöru en gætu þau sýnt fram á að eiga fé í banka fengju þau greiðslufrest. Þetta virki ekki þannig að ef einhver vill fjárfesta þá komi fjármagnið frá sjóðnum. Ákærði sagði að yfirlitið bæri með sér hvernig 303 milljónir króna, sem veitt rekstrarlán, dreifðust á félögin utan 76 milljóna króna sem hefðu farið aftur inn í sjóðinn. Þær 227 milljónir sem fari inn í félögin séu eign sjóðsins áfram. Féð komi frá [...] og [...] inn á þessa aðila. Þetta sé svo greitt þannig að viðkomandi félag gefur út reikning sem greiddur er í [...] og féð fari þaðan til baka til sjóðsins.

Ákærða var kynnt sú niðurstaða SRS að það fé sem rann inn á þá bankareikninga sem skráðir eru á þessi sex félög væri tekjur ákærðu í málinu. Því hafnaði ákærði og sagði sjóðinn eiga þetta fé. Hann og X sjái um sjóðinn og leggi X inn á reikningana en sjálfur sjái hann um að bókhaldið stemmi og hafi sem skoðunarmaður yfirsýn yfir það fé sem er í sjóðnum. X og B hefðu tekið ákvarðanir um það hvar sjóðurinn

væri vistaður. Þá sagði ákærði að ekki hefði verið kallað eftir gögnum um sjóðinn af hálfu SRS eða héraðssaksóknara. Ákærði staðfesti að Korn bókhaldskerfi hefði verið notað bæði fyrir firma X og einkahlutafélagið. Spurður hvort til greina hefði komið að gefa kreditreikninga út vegna reikninga Y hafnaði ákærði því og sagði það ekki geta gengið upp. Skatturinn hefði sagt að það væri hægt að koma með mótreikning en Y hefði ekki viljað það. Taldi hann að niðurstaðan hefði alltaf orðið sú sama fyrir reksturinn hvað tekjur varðaði. Rekstrinum hefði verið skipt þannig að Y var í [...], en [...] sé undanþegin virðisaukaskatti, en ákærði X var [...], t.d. í [...]. Oft hefðu verið gerðar athugasemdir við kostnaðarreikninga en þeim almennt ekki hafnað að fengnum skýringum. Verstu tilvikin hefðu verið þegar keypt voru sófasett og stólar og hefði þá þurft að fara niður í [...] og taka myndir. Ákærði sagði að X og aðrir sem unnu við reksturinn hefðu sett reikninga í möppu sem hann hefði svo fært í bókhaldið. Kvaðst hann telja að allir reikningarnir sem bókfærðir voru endurspegluðu kostnað vegna reksturs félagsins. Þó að tilgangur félagsins hefði verið [...] þá hefðu alls konar verkefni verið unnin. Í einhverjum tilvikum hefðu t.d. verið keypt húsgögn, sjónvarpstæki og upphvottavélar sem oft hefði þurft að breyta. Þetta hefði ekki verið fært sem sjálfstæðir liðir á reikningum til viðskiptavina þar sem þetta væri allt samtvinnað og reikningur yrði þá mjög langur. Þá ráði verkkaupi því hvað standi á reikningi og sé þetta alltaf samkomulag og skipti ekki máli hvað varðar skil á virðisaukaskatti. Þá væru ekki til bókhaldslyklar fyrir sumt af þessu. Ákærði sagði að [...] hefði tekið „freon-bókhaldið“ og gæti hann því ekki lagt það fram. X hefði selt [...] sem firmað átti áfram til einkahlutafélagsins. Reikningar hvað það varði endurspegli raunveruleg viðskipti og hafi X átt þessar birgðir eða birgjar hans.

Ákærði kvaðst hafa verið viðloðandi rekstrarlánasjóð lengi. Í kringum 1974 hefði verið tekið saman hvar féð væri geymt og fleira. Um það leyti hefði hann sjálfur lagt fé í sjóðinn. Þá sagði hann að Z hefði ekki verið í forsvari fyrir nein fyrirtæki og ekki tekið neinar viðskiptalegar ákvarðanir. Hann hefði einungis keypt það sem hann þurfti vegna uppfinninga sem hann hefði verið að vinna að. Hann hefði ekki unnið meira hjá rekstrinum en fram komi á skattframtölum. Ákærði kvaðst hafa séð um ársreikninga fyrir þau félög sem greinir í ákæru. Þá kvaðst hann ítrekað hafa sótt um virðisaukaskattsnúmer fyrir Y. Hann hefði verið skráður stjórnarmaður í Æ ehf. til málamynda en ekkert komið að rekstrinum heldur hefði ákærði X séð um þetta allt. Félögin hefðu einnig verið skoðuð af skattyfirvöldum.

Ákærði staðfesti að hafa skilað skattframtali X sem jafnframt hefði verið vegna firma hans vegna þeirra ára sem ákæra tekur til. Staðfesti ákærði að hafa merkt við þegar hann skilaði framtalinu að hann væri starfsmaður X og teldi að það hefði þá verið rétt. Framtalið hefði að mestu verið forskráð af skattyfirvöldum fyrir utan rekstrarskýrsluna. Borið var undir ákærða yfirlit héraðssaksóknara yfir ætlaðar rekstrartekjur og möguleg rekstrargjöld vegna X og firma hans árin 2009-2014. Ákærði sagði yfirlitið og niðurstöðu þess vera ranga. Þá staðfesti ákærði að hafa gert og skilað virðisaukaskattsskýrslum vegna sama aðila og sagði skýrslurnar hafa byggst á bókhaldi félagsins. Þá sagði hann einnig að yfirlit héraðssaksóknara yfir vanframtalinn útskatt og mögulegan innskatt vegna sömu ára og sama aðila væri rangt.

Ákærði staðfesti einnig að hafa, líklega sem starfsmaður, skilað framtali Æ ehf. ásamt rekstrarreikningi, vegna þeirra ára sem ákæra tekur til. Hefðu skýrslurnar verið byggðar á bókhaldi félagsins og gögnum frá X en hann hefði engin bókhaldsgögn fengið frá Y. Borin var undir ákærða samantekt héraðssaksóknara vegna ætlaðra rekstrartekna og mögulegra rekstrargjalda einkahlutafélagsins árin 2011 til 2014 og honum kynnt að nú væri einungis ákært vegna áranna 2011 og 2012. Kvaðst ákærði vera búinn að fara yfir þetta en hann skildi þetta ekki og mótmælti samantektinni. Einnig staðfesti ákærði að hafa skilað virðisaukaskattsskýrslum vegna félagsins þessi ár. Hvað varðaði yfirlit yfir sölureikninga sem ekki voru gjaldfærðir sagði ákærði að þetta væru væntanlega þeir reikningar sem Y hefði tekið úr bókhaldinu. Sjálfur hefði hann ekki vitað fjárhæð þessara reikninga. Að haga þessu svona hefði verið neyðarúrræði og hefði hann ekki verið mikið að skipta sér af því og ekki beðið um þessa reikninga þar sem hann vissi að hann fengi þá ekki. Hvað varðaði yfirlit héraðssaksóknara yfir meintan vantallinn útskatt vegna einkahlutafélagsins árin 2011 til 2014 taldi hann það vera tölulega rangt.

Ákærði staðfesti að hafa séð um að skila persónulegum framtölum X vegna áranna 2011-2014 og væru þau byggð á gögnum sem áður hefðu verið samþykkt af skattstjóra. Sagði hann að laun ákærða á

framtölunum hefðu verið forskráð. Borið var undir ákærða yfirlit yfir vantaldar tekjur ákærða framangreind ár. Ákærði sagði að sér hefði verið kunnugt um að þær greiðslur sem þar eru tilgreindar hefðu farið inn á þessa bankareikninga þegar hann var að vinna framtölin. Um sé að ræða fé sem hafi komið frá rekstrarlána sjóði og svona fyrirtæki gætu ekki greitt svona há laun. Þá kvaðst ákærði ekkert hafa komið að skattskilum Y.

Ákærði sagði að það hefði verið sameiginlega ákvörðun X og B hvernig nota ætti sjóðinn. Sagði ákærði að féð hefði aðallega verið lagt inn á reikningana til að viðkomandi gæti sýnt viðskiptaaðila sínum fram á að hann ætti fé til að fjármagna viðskipti. Einnig hefði þetta oft veitt góðan afslátt. Sjóðurinn hefði byggst á því að „unga út“ einkahlutafélögum og þeir sem voru í sjóðnum hefðu átt möguleika á að „taka“ þau félög í von um að þau yrðu stór. Æ ehf. hefði átt von um að verða stærðarfyrirtæki og því hefði X tekið það. Sjálfur hefði hann fengið fyrirtæki frá sjóðnum sem að vísu hefði aldrei farið í rekstur. Spurður hverjir hefðu lagt arf inn í sjóðinn nefndi ákærði sig, [...], B og allt hennar fólk, og fjölskyldu X langt aftur í tímann. Hefðu þau lagt til allan þann arf sem þau hefðu fengið á lífsleiðinni. Spurður hvað þau hefðu fengið fyrir það sagði ákærði að í fyrsta lagi þá væri þetta lagt í banka og því nokkuð tryggt að geta náð í það og í öðru lagi hefðu þau átt möguleika á að stofnað yrði fyrirtæki fyrir þau, en sjóðurinn hefði verið búinn að „unga út“ um 50 félögum og gengju mörg þeirra vel. Þessir einstaklingar hefðu lagt mismikið inn í sjóðinn en aldrei hefði komið upp ágreiningur um það hvernig nýta ætti féð. Sjóðurinn hefði alfarið sloppið í bankahruninu.

Ákærði Y gaf í upphafi skýrslu sinnar fyrir dómi stutta yfirlýsingu. Kom þá fram hjá honum að meðferð málsins hefði tekið um ellefu ár. Allt í skýrslu SRS hefði verið slitið úr samhengi og gæti hann ekki skilið hvers vegna málið væri „sett svona upp“. Þetta kæmi eins frá héraðssaksóknara. Fyndist honum að hann hefði engar upplýsingar fengið um meðferð málsins í gegnum allt ferlið og aldrei fengið svör við neinu. Honum hefðu verið gefnir frestir til að mótmæla og þá kannski 15 til 20 dagar en yfirvöld hefðu kannski tekið sér tvö ár til að svara honum. Hefði hann upplifað það svo að hann væri dæmdur sakamaður. Hann hefði frá upphafi sagt frá því að hann ræki K sem væri skráð einkafirma hans og væri hann með bókhald þess firma. Það eina sem hann vanti sé virðisaukaskattsnúmer svo hann geti skilað réttari skýrslu en enginn hafi beðið hann um þessi gögn.

Ákærði kvaðst vera menntaður [...] og hafa á árunum 2009 til 2014 starfað hjá sínu fyrirtæki, K, við [...] og annað slíkt. Hann sé stjórnarformaður í Æ ehf. en ekki með prókúru vegna félagsins og hafi enga aðkomu haft að þeim rekstri. Það sama eigi við um samnefnt firma sem ákærði X hafi áður verið með. Hann hafi heldur engin tengsl haft við Ö ehf. þó hann sé meðstjórnandi í félaginu og hafi ekkert haft um það að segja hvað félagið geri. Staða hans í félaginu sé formsatriði og sé félagið á vegum X. Þá kvaðst hann engin tengsl hafa við Æ ehf. Hvað varðaði YY ehf. þá kvaðst ákærði vera varamaður í stjórn félagsins en hafa annars engin tengsl við það. Þá sé hann stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og með prókúru í Æ ehf. en X sé skráður eigandi félagsins og stjórnari því. Hann sé skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og með prókúru í ÞP ehf. en það sé einnig í eigu X og undir stjórn hans. Loks kvaðst hann engin tengsl hafa við ÆÆ ehf. og ekki vera í stjórn félagsins. Skráning hans í stjórn þessara félaga, framkvæmdastjórn og sem handhafa prókúru hefði eingöngu verið til að „uppfylla formið“ en hann hefði annars ekkert komið nálægt þessum félögum. Sagði ákærði að sér hefði líklega verið kunnugt um skyldur stjórnarmanna samkvæmt lögum um einkahlutafélög en hann myndi það ekki en síðar í framburði sínum breytti hann þessum framburði og kvaðst ekki gera sér fulla grein fyrir þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa haft neina aðkomu að rekstri X á árunum 2009 til 2010. Hann hefði verið með debetkort á bæði félög X, firmað og einkahlutafélagið, en teldi að X hefði verið með prókúru á þau bæði. Hann kvaðst einhvern tímann hafa verið starfsmaður hjá X en ekki muna hvenær. Ákærði kvaðst eingöngu hafa notað bæði firma og einkahlutafélag X svo hann gæti rúkað reikninga vegna síns eigin firma en við það notað nöfn og kennitölu vegna reksturs X. Hann hefði búið til reikninga í bókhaldskerfi X af gerðinni Korn, prentað þá út, núllfært þá og farið með í [...] sem hefði séð um að innheimta þá. Annars hefði öll hans starfsemi verið aðskilin frá rekstri X. Sjálfur hefði hann aldrei verið með fasta launamenn í vinnu en mikið af verktökum. Hann hefði sjálfur séð um daglega fjármálastjórn, verkefni sín og reikninga. Hann sæi sjálfur um bókhald sitt og varðveislu bókhaldsgagna og ekkert af þessum gögnum hefði farið til ákærða P, sem hefði ekki

viljað sjá um bókhald hans. Hann hefði greitt allt með reiðufé og þ. á m. reikninga frá verktökum. Honum hefði verið úthýst úr bönkum og fengi þar enga fyrirgreiðslu. Hann hefði reynt að fá sér endurskoðanda en þeir neitað allir að taka við honum af því að hann væri ekki með virðisaukaskattsnúmer. Spurður hvers vegna hann hefði ekki afhent bókhald sitt við rannsókn málsins kvaðst ákærði ekki hafa viljað afhenda handónýtt bókhald sem ekki gæfi rétta mynd af rekstrinum. Hann hefði verið beðinn að afhenda bókhaldið, bæði af skattinum og lögreglu, og þá sagt að hann afhenti ekki bókhald sem væri ekki tilbúið. Ef hann fengi virðisaukaskattsnúmer þá myndi hann afhenda bókhaldið. Þá hefði hann ekki viljað afhenda lögreglu sölu- og kostnaðarreikninga. Þ hefði ekki fengið yfirlit yfir útgefna reikninga hans en fengið uppgefna tölu sem stemmdi við tekjureikninga ákærða. Hefði sami háttur verið hafður á bæði hvað varðaði firma X og einkahlutafélagið. Kvaðst hann ítrekað hafa sótt um virðisaukaskattsnúmer og verið að reka eigið fyrirtæki og því hefði starfsemi hans ekki getað verið með í rekstri X. Spurður hvernig hann hefði hugsað sér að telja þetta fram kvaðst hann enn vera að bíða eftir virðisaukaskattsnúmeri.

Borin voru undir ákærða skattframtöl vegna X og reksturs ÖÖ árin 2011 og 2012 og kvaðst hann ekki kannast við þau og því ekki geta tjáð sig um þau. Þá var borið undir ákærða yfirlit yfir áætlaðar rekstrartekjur og möguleg rekstrargjöld vegna sama aðila árin 2009 til 2014. Kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um þessi gögn og sagðist ekki taka mark á þeim. Ákærði bar á sama hátt þegar bornar voru undir hann virðisaukaskattsskýrslur sama aðila vegna árána 2009 til 2014 og samantekt héraðssaksóknara vegna sama aðila um virðisaukaskattskylda veltu og samantekt útskatts, mögulegs innskatts og vangoldins virðisaukaskatts. Sagði ákærði að það gæti verið að það sem vantaði inn í skattskil firmans gæti stemmt við hans bókhald. Einnig var borið undir ákærða framtal rekstraraðilans Æ ehf. vegna árána 2012 til 2014 og kvaðst hann ekki hafa séð þau áður og ekki geta tjáð sig um þau. Þá var borin undir ákærða samantekt héraðssaksóknara yfir ætlaðar rekstrartekjur og möguleg rekstrargjöld einkahlutafélagsins vegna árána 2011 til 2014 og honum kynnt að ákæra tæki ekki til árána 2013 til 2014. Sagði ákærði að þeir tekjureikningar sem vanti væru hjá honum og hefði hann „núllað“ þessa reikninga. Kvaðst hann telja að samanlagðar heildarfjárhæðir vegna þessara ára væru mjög háar, jafnvel þó um hreinar tekjur væri að ræða. Þá kvaðst hann ekki geta tjáð sig sérstaklega um framlagðar virðisaukaskattsskýrslur félagsins og sagði þær ekki koma sér við. Þá var lagt fyrir ákærða yfirlit yfir reikninga sem ekki voru tekjufærðir í bókhaldi félagsins og sagði ákærði að ef þetta væru „núll-reikningar“ þá væru þetta hans reikningar. Kvaðst ákærði hafa útbúið reikningana í Korn-bókhaldskerfi X, prentað þá út og „núllað“ þá síðan. Þ kæmi ekki nálægt bókhaldi hans og hefði aldrei beðið hann um að afhenda sölureikningana. Bókhaldið hefði átt að vera sameiginlegt til bráðabirgða þar til hann fengi virðisaukaskattsnúmer en það hefði hann ekki enn fengið. Þessu hefði Þ skilað til hans frá skattyfirvöldum. Þá var borið undir ákærða yfirlit yfir vanframtalinn virðisaukaskatt félagsins árin 2011-2014. Kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um þetta þar sem þetta varðaði bókhald X og hann vissi ekki hvort þetta gæti stemmt við hans reikninga.

Ákærði kvaðst ekki hafa skilað skattframtölum 2010-2015 vegna tekjuáranna 2009-2014. Kvaðst hann ekki vita hvernig hann gæti skilað þeim þegar hann vissi ekki einu sinni hvað hann væri með í laun. Sagði hann það vera ómögulegt fyrir hann að skila framtölunum meðan hann hefði ekki virðisaukaskattsnúmer. Skattyfirvöld áætli á hann tekjur á hverju ári sem séu mun meira en hann telji að innkoma hans sé. Þá var borin undir ákærða samantekt um ætlaðar vanframtaldar launatekjur ákærða vegna árána 2009-2014, annars vegar frá firma X og hins vegar einkahlutafélaginu, og kvaðst ákærði alfarið hafna henni og sagði hana vera ranga. Kvaðst hann ekki eiga þau félög eða reikninga sem greiðslurnar voru lagðar inn á og ekki vita hvers vegna greiðslurnar voru lagðar inn á þessi félög. Hvað varðaði greiðslur inn á reikning ÞÞ ehf., samtals um 78 milljónir króna, sagði ákærði þær ekki vera laun til sín. Félagið leigði út húsnæði, bifreiðar o.fl. og hefði fengið leigutekjur sem Þ hefði gert upp. Haldi hann að þetta fé sé úr rekstrarlánasjóði. Taldi ákærði að hann hefði keypt eignir og skráð á önnur félög. Kvaðst hann ekkert hafa haldið utan um þessa fjármuni þótt hann hefði verið framkvæmdastjóri og stjórnarmaður á þessum tíma. Hvað varðaði greiðslur inn á reikning Ö ehf., samtals um 55 milljónir króna, frá rekstri X þá kvaðst ákærði ekki vita hvers vegna þetta var greitt og ekki vera með það félag.

Ákærða var kynnt að af hálfu SRS hefði verið aflað upplýsinga frá [...] um það hverjir hefðu prókúruumboð vegna reikninga Ö ehf. og því af hálfu bankans verið svarað þannig að enginn prókúruhafi

væri skráður og því gildi hlutafélagaskrá. Kvaðst ákærði aldrei hafa haft prókúru á þennan reikning og aldrei tekið neitt út af honum. Þá voru bornar undir ákærða kvittanir fyrir úttekt á reiðufé, flestar taldar vera undirritaður af ákærða og kvittun vegna úttektar af reikningum Ö ehf. og ÞÞ ehf. Sagði hann X hafa tekið út af reikningunum þar sem hann sæi um sjóðinn. X hefði tekið út en hann kvittað undir. Var ákærða kynnt að kvittanirnar bentu til þess að reiðufé hefði verið tekið út í banka af ákærða og sagði hann þá að sjóðurinn hefði verið að kaupa eign. Kvaðst hann ekki vera viss um að kvittanirnar væru allar með hans undirritun og hefði X alltaf verið með prókúru í þessu félagi. Þá hafnaði ákærði því einnig að greiðslur að nettófjárhæð um sex milljónir króna sem lagðar voru inn á reikning ZZ ehf. hefðu verið greiðsla til hans. Var ákærða kynnt að á því væri byggt að þeim fjármunum sem taldir eru honum til tekna samkvæmt ákæru hefði verið ráðstafað til fjárfestinga, t.d. kaupa á bifreiðum og fasteignum, og þá áður millifært á milli reikninga, og til greiðslu persónulegra útgjalda. Ákærði kvaðst alfarið hafna þessu og ekki geta tjáð sig um þetta.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft heimild til að taka fjárhagslegar ákvarðanir vegna ZZ ehf. og ÞÞ ehf. Þá komi hann ekkert nálægt rekstrarlánasjóði, X og Þ stjórn honum. Sagði ákærði að það fé sem væri talið honum til tekna varðaði sjóðinn. Ákærði kvaðst hafa verið með starfsemi á sinni kennitölu sem einkafirma frá 1989 og verið þá með virðisaukaskattsnúmer. Kvaðst hann sérhæfa sig í [...] og stórum [...] en taka að sér öll möguleg verkefni og sé [...] undanþegin virðisaukaskatti. Hann hefði lent í slysi árið [...] og slasast alvarlega og verið frá vinnu í um þrjú ár og orðið í kjölfar þess gjaldþrota. Í dag starfi hann hjá eigin firma, K. Hann hafi ekki miklar tekjur af því og sé ekki með bankareikning og hafi aldrei verið með debetkort og sé útskúfaður úr bankakerfinu. Hann hefði því fengið lán hjá X, B og sjóðnum. Hann noti alltaf reiðufé þegar hann versli og borgi verktökum. Ákærði kvaðst ekki hafa komið nálægt bókhaldi eða skattskilum vegna ákærða X eða einkahlutafélagsins. Hann hefði einungis lánað nafnið sitt og væri því að formi til í stjórn félagsins. Þá hefði hann heldur ekkert komið nálægt rekstri Æ ehf.

Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið millifærðar greiðslur frá firma ákærða X eða Æ ehf. nema þau laun sem voru gefin upp á hann. Þá kvaðst hann ekkert eiga í ÞÞ ehf., ÆÆ ehf. og YY ehf. eða reikningum þessara félaga og því ekki hafa getað ráðstafað því fé sem þar er geymt. X hefði alfarið séð um þetta. Ákærði kvaðst hafa notað debetkort frá firma X og Æ ehf. til að versla fyrir X en ekki fyrir sig persónulega. Hann kvaðst hafa búið í fasteign í eigu ZZ ehf. og greitt leigu fyrir með reiðufé sem hann hefði afhent X. Kvaðst hann engin tengsl hafa við þá fjármuni sem taldir væru honum til tekna.

Ákærða var kynnt samantekt héraðssaksóknara yfir ætlaðar rekstrartekjur og möguleg rekstrargjöld vegna firma X og Æ ehf. á þeim tíma sem ákæra tekur til, byggð á fyrirbyggjandi sölureikningum og gögnum sem aflað var vegna „núllreikninga“. Sagði ákærði að þetta gæti verið vegna reikninga hans. X hefði ekki notið góðs af þeim tekjum sem ákærði aflaði. Greiðslur hefðu borist inn á reikning firmans en X svo greitt honum með reiðufé. Allir hans kostnaðarreikningar væru aðskildir frá reikningum X. Þegar hann t.d. tók út efni hefði reikningur vegna þess verið stílaður á K. Kvaðst hann hafa fengið megnið af þessum „núllreikningum“ greidda. Sagði ákærði að þeir X störfuðu á sama sviði, við [...]. X hefði meira verið að [...] en þeir báðir unnið í [...]. Sjálfur sé hann einnig, eins og X, að afhenda sjónvörp og ýmislegt annað. Allt hefði verið gert til að halda viðskiptavinum góðum og hefði hann gert það sem [...] báðu um. Þessari þjónustu sé breytt í kostnað vegna vinnu að beiðni [...] en hann viti ekki af hverju þeir óski þess. Þá staðfesti ákærði að X hefði átt lager af [...] og bömbum frá firmanu sem hann hefði geymt í bílskúrum og á athafnasvæði firmans.

Undir ákærða var borið yfirlit yfir endurgreiðslur rekstrarlána og kvaðst hann telja að það flæði fjármagns sem þar kæmi fram gæfi rétta mynd af sjóðnum. Sjálfur hefði hann ekki komið nálægt sjóðnum eða stjórn hans að öðru leyti en því að hann hefði fengið fé þaðan. Reiðufé sem hann fékk frá B hefði hún fyrst komið til X og hann hefði afhent honum það. X geri svo upp við B og ákærði fái afganginn til sín. Ákærði sagði að það hefði farið eftir verkefnastöðu hvað hann var með marga menn með sér við vinnu en hann hefði haldið utan um greiðslur til þeirra. Kvaðst hann vilja leiðrétta þær áætlanir sem lagðar hefðu verið á hann. Hann hefði aldrei fengið formlega neitun um virðisaukaskattsnúmer og hefði honum ekki verið neitað um númer af því að hann skuldaði skatt. Það skipulag að gefa út reikninga í bókhaldskerfi X hefði hann notað í góðri trú um að það væri í lagi. Félögin hefðu einhvern tímann verið tekin til skoðunar

og ekkert verið talið athugavert við þau. Ákærði sagði að hann hefði aldrei fengið styrk úr sjóðnum en fengið fé til að halda rekstri sínum gangandi. Þá var ákærða kynnt að samkvæmt gögnum frá [...] hefði ábyrgðarnúmer ákærða vegna bankareiknings X nr. [...] verið [...] og vegna reiknings einkahlutafélagsins nr. [...] númerið [...]. Einnig var honum kynnt yfirlit yfir úttektir tengdar þessum ábyrgðarnúmerum. Kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig sérstaklega um þetta og ekki vera viss um að hann hefði verið með númerin.

Vitnið B, eiginkona ákærða Z, staðfesti yfirlýsingu sína sem liggur fyrir í málinu. Kvaðst hún engin tengsl hafa haft við Æ ehf., YY ehf. og Ö ehf., né heldur firma ákærða X, ÖÖ. Þá hefði hún ekki verið starfsmaður hjá þessum aðilum. Vitnið staðfesti að hafa sjálf ekki haft neinar tekjur frá þessum félögum á þeim tíma sem ákæran tekur til. Vitnið kvaðst hafa gefið skýrslu við rannsókn málsins og staðfesti hún að sá framburður sem hún gaf þar væri réttur og hefði hún engu við hann að bæta. Hvað varðaði gerð skattframtala þeirra hjóna þá sagði hún ákærða Þ hafa gert þau og skilað en hún hefði tekið saman gögn sem ákærði Z hefði komið til Þ.

IV

Niðurstaða

Ákærðu eru í máli þessu ákærðir fyrir brot gegn m.a. skattalögum og almennum hegningarlögum. Af framburði ákærðu má ráða að [...], X, Y og Z, hefði áður stundað starfsemi á sama sviði og ÖÖ og samnefnt einkahlutafélag, þ.e. framleiðslu m.a. [...]. Y hefði síðan tekið við rekstrinum en orðið gjaldþrota og X þá hafið sams konar starfsemi í skráðu einkafirma sínu, ÖÖ, en frá ársbyrjun 2011 rekið starfsemina undir samnefndu einkahlutafélagi. Fyrir liggur að þeir [...] voru saman skráðir eigendur félagsins í upphafi, áttu hver sinn þriðjung. Voru þeir allir stjórnarmenn í félaginu og framkvæmdastjórar og voru X og Z með prókúru vegna félagsins. Óumdeilt er að ákærði Þ sá um bókhald bæði firmans og einkahlutafélagsins og skil á gögnum til skattfyrivalda. eru brot ákærðu talin hafa átt sér stað í tengslum við starfsemi framangreinds firma og einkahlutafélags auk þess sem þau varða persónuleg skattskil X, Y og Z.

Undir meðferð málsins hefur ákæru verið breytt, eins og að framan er rakið, í öllum tilvikum til hagsbóta fyrir ákærðu, og er því ekki fallist á þau mótmæli sem fram hafa komið vegna útgáfu framhaldsákæru og breytingar á ákæru með bókun.

Með úrskurði héraðsdóms 14. júlí 2020 var kröfu ákærðu um frávísun málsins m.a. með þeim röksemdum að meðferð þess færi í bága við 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, hafnað. Er ekkert fram komið, þ.m.t. þegar litið er til dómafordæma, sem dómari telur haggja þeirra niðurstöðu. Af hálfu X er þess sérstaklega krafist nú að 4. tölulið I. kafla ákæru, 3. tölulið II. kafla og 5. tölulið II. kafla verði vísað frá dómi og verður afstaða tekin til þeirra krafna hér á eftir þegar kemur að niðurstöðu dómsins hvað þá ákæruliði varðar. Hvað varðar 2. tölulið II. kafla þá er þar vísað til 1. töluliðar sama kafla en þar var upphaflega ákært vegna vantalinna tekna áranna 2011, 2012 og 2014. Með afturköllun ákæru hvað varðar árið 2014 hefur á engan hátt verið raskað grundvelli verknaðarlýsingar 2. töluliðar og er því ekki efni til að vísa honum frá dómi.

Allir ákærðu neita alfarið sök í málinu. Þá er upptökukröfum hafnað. Sönnunarbyrði fyrir sekt ákærðu og atvikum sem telja má þeim í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Auk hinna ákærðu einstaklinga er málið jafnframt höfðað til refsingar á hendur Æ ehf. Í VI. kafla ákæru eru brot félagsins heimfærð til refsíákvæða og er þar vísað til verknaðarlýsingar í I. kafla ákæru. Þar eru rakin ætluð brot í tengslum við starfsemi firma ákærða X en ekki lýst háttsemi er fellur að nefndum refsíákvæðum í VI. kafla hvað fyrirvarsmenn einkahlutafélagsins varðar. II. kafla ákærunnar tekur hins vegar til starfsemi félagsins. Telst aðild fyrirvarsmanna einkahlutafélagsins, af þess hálfu, að þeirri háttsemi sem greinir I. kafla ákærunnar ósönnuð. Þá skortir á að háttsemi sú er greinir í II. kafla ákæru sé heimfærð til refsíákvæða hvað félagið varðar. Þegar af framangreindum ástæðum verður Æ ehf. því sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Varnir ákærðu í máli þessu byggjast á tveimur meginatriðum. Annars vegar því að Y og X hefðu báðir verið með rekstur á sama sviði og að einhverju leyti verið í samkeppni sín á milli. Y hefði allan þann tíma sem ákæra tekur til rekið sína starfsemi undir heitinu K, sem hann sagði vera skráð einkafirma sitt, en X hefði rekið sína starfsemi á árunum 2009-2010 undir skráðu einkafirma sínu, ÖÖ, en frá árinu 2011 undir samnefndu einkahlutafélagi. Hins vegar byggja ákærðu á því að þeir fjármunir sem taldir eru hafa verið teknir úr rekstri X, m.a. millifærðir inn á reikninga annarra einkahlutafélaga, séu komnir úr rekstrarlánaþjóði. Af málgögnum má sjá að þessar varnir ákærðu komu skýrar fram hjá þeim eftir því sem á rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi leið.

Fyrir liggur að eignarhald Æ ehf. færðist frá X, Y og Z, á þeim tíma sem ákæra tekur til, yfir til Ö ehf. Var X stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þess félags. Y og Z voru báðir í stjórn félagsins og voru þeir ásamt X með prókúru vegna félagsins. Eins og lýst er í III.-V. kafla ákæru er talið að til þeirra hafi runnið greiðslur frá rekstri X í m.a. gegnum reikninga Ö ehf. og byggir dómurinn á því að það sé sannað eins og síðar verður rakið. Telur dómurinn þetta sýna fram á hagsmuni þeirra þriggja tengda rekstrinum.

Y viðurkenndi fyrir dómi að hafa unnið eitthvað hjá X á því tímabili sem ákæra tekur til en að mestu starfað sjálfstætt. Fyrir dómi tóku aðrir ákærðu undir þennan framburð Y. Þó byggja ákærðu varnir sínar á því að X og Y hafi verið með sína starfseminum hvor. Við meðferð málsins hjá SRS var sérstaklega tekið til skoðunar hvort Y hefði haft með höndum sjálfstæða atvinnustarfsemi í tengslum við rekstur X og síðar einkahlutafélagið og varð niðurstaðan sú að engin merki væru um að svo hefði verið. Af gögnum sem stafa frá starfsemi X má ráða að bæði Y og Z hafi starfað meira hjá honum á þessu tímabili en þeir viðurkenna. Á vinnuseðlum frá starfseminni má ítrekað sjá nöfn þeirra eða upphafsstafi þar sem sá starfsmaður sem vann við verk er skráður. Þá höfðu þeir báðir aðgang að bankareikningi starfseminnar, m.a. með greiðslukorti. Þetta staðfestu ákærðu fyrir dómi en Y og Z báru um að það hafa notað þau í þágu starfseminnar. Bankayfirlit sýna þó að ákærðu notuðu kortin jafnframt til að greiða vörur og þjónustu fyrir sig persónulega á tímabilinu. Einnig er til þess að líta að uppgefnar launatekjur til þeirra voru með sama hætti og hvað varðar X að því leyti að fjárhæð framtalinna launa var mjög lág.

Y kvaðst hafa gefið út reikninga til viðskiptavina sinna í bókhaldskerfi ákærða X, prentað þá út og sett í innheimtu en breytt reikningnum síðan í bókhaldskerfinu og fært fjárhæð hans niður í „núll“. Undir þetta tóku X og Þ. Þá var framburður X, Y og Þ samhljóða á þann veg að viðskiptavinir Y hefðu greitt inn á bankareikninga vegna reksturs X. Kvaðst Y hafa fengið tekjur sínar greiddar frá X í reiðufé. Úttektir á reiðufé af bankareikningum vegna starfsemi X eru hins vegar ekki í samræmi við innkomu inn á þá vegna „núllreikninga“ sem Y sagði stafa frá sér.

X og Y lögðu mikla áherslu á það í skýrslum sínum fyrir dómi að algjör aðskilnaður hefði verið á milli starfsemi þeirra og þeir jafnvel að einhverju leyti verið í samkeppni. Stenst þessi framburður þeirra um algjöran aðskilnað ekki í ljósi framangreinds og þess að þeir halda því fram að á sama tíma hafi ákærði Y haft aðgang að bókhaldskerfi einkafirma X og síðar einkahlutafélags. Þá var Y ekki með sjálfstæða starfsstöð heldur hafði aðgang að starfsaðstöðunni hjá X.

Y fullyrti fyrir dómi að hann hefði haldið bókhald vegna starfsemi sinnar og væri tilbúinn að skila inn skattframtölum fengi hann virðisaukaskattsnúmer en neitaði að afhenda það að svo stöddu. Þá var hann ítrekað við rannsókn málsins beðinn um að framvísa bókhaldi vegna starfsemi sinnar en neitaði því ávallt. Hafa þannig ekki verið lögð fram nein gögn sem benda til sjálfstæðrar starfsemi Y á því tímabili sem ákæra tekur til og ekkert er fram komið sem bendir til þess að þeirra sé hægt að afla. Er það mat dómsins að framburður ákærðu um slíkt sé ótrúverðugur og verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð.

Þá var framburður ákærðu fyrir dómi samhljóða hvað það varðar að ástæða þess að framangreindur háttur var hafður á við útgáfu reikninga vegna vinnu Y væri leiðbeiningar frá skattyfirvöldum. Dregist hefði að Y fengi útgefið virðisaukaskattsnúmer og hefði þá verið lagt til að þessi háttur yrði hafður á, a.m.k. til bráðabirgða, og hefði Þ verið milligöngumaður um að koma þessum leiðbeiningum til ákærðu. Er ekkert fram komið sem rennir stoðum undir þetta og verður niðurstaða málsins því ekki á því byggð en jafnvel þó sannað væri leiddi það ekki almennt til sýknu ákærðu vegna þess sakarefnis er greinir í I. og II. kafla ákæru. Verður framburði ákærðu um að tilhögun bókhalds sé frá skattyfirvöldum komin hafnað sem fjarstæðukenndum eins og atvikum er háttað. Í ljósi framangreinds

telur dómurinn sannað að Y og Z hafi einnig unnið við starfsemina á þeim tíma sem ákæra tekur til og verður niðurstaða málsins byggð á því.

Niðurstaða I. kafla ákæru

Brot þau sem greinir í I. kafla ákærunnar eru talin framin í sjálfstæðri atvinnustarfsemi sem rekin var á kennitölu X undir firmaheitinu ÖÖ. X og Y fullyrtu að þeir hefðu báðir gefið út sölureikninga í nafni og með kennitölu firmans og að hluti útgefna sölureikninga hefði verið fjarlægður úr bókhaldi starfseminnar og ekki talinn fram til skatts hvað firmað varðaði, eins og byggt er á samkvæmt ákæru. Benda málgögn til þess að í bókhaldi félagsins hafi reikningunum verið þannig breytt að í stað raunverulegrar fjárhæðar vegna viðskipta hafi verið fært „núll“. Y lýsti því í framburði sínum fyrir dómi að hann hefði breytt reikningunum þannig eftir að hafa prentað þá út úr bókhaldskerfi firmans og farið með í bankann og þannig sent viðskiptavinum til greiðslu og er það í samræmi við framburð X. Þ staðfesti fyrir dómi að hann hefði einungis talið fram fyrir firmað þá reikninga sem eftir stóðu og einnig kom fram hjá honum að hann hefði fengið uppgefna upphaflega fjárhæð þeirra reikninga sem var breytt, eða heildarfjárhæð eftir tímabilum, frá Y. Þá gerði Þ einnig mjög lítið úr tengslum sínum við Y, sem dómurinn metur einnig ótrúverðugt í ljósi málsatvika. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu dómsins þar sem framburði ákærðu um skiptingu rekstursins á milli aðila er hafnað er framangreindu jafnframt hafnað að því marki sem skýringarnar byggjast á því að starfsemi [...] hafi verið aðskilin. Málgögn benda til þess að hluti reikninganna hafi verið færður niður í núll eftir að hafa verið prentaður út og sendur í innheimtu í samræmi við framangreint og haldið utan við bókhald félagsins. Um ástæðu þess að þessir reikningar voru „núllfærðir“ liggja ekki fyrir neinar fullnægjandi skýringar og metur dómurinn framburð ákærðu hvað þetta varðar ótrúverðugan. Þrátt fyrir það telur dómurinn sannað að Y haf, haft beina aðkomu að útgáfu reikninga og Þ að bókhaldinu, eins og þeir lýstu fyrir dómi og rakið er hér að ofan.

Í 1. tölulíð eru X, Y og Þ ákærðir í sameiningu fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum ákærða X vegna gjaldáranna 2011 til og með 2012 með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram skattskyldar rekstrartekjur. Er brot X talið varða m.a. við 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 en Y og Þ við 5. mgr. sama lagaákvæðis. Samkvæmt 1. mgr. lagaákvæðisins skal skattskyldur maður ef hann skýrir af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn greiða fésekt allt að tífaldrí skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Skattur af álagi skv. 108. gr. sömu laga dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá kemur fram í framangreindri 5. mgr. 109. gr. að hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu sem greinir í 1. mgr.

X byggir á því að skattskilin séu í samræmi við raunverulega afkomu firmans þar sem þær greiðslur sem ákært er fyrir séu tekjur Y og byggir ákæruvaldið á útgefnum reikningum hans. Af hálfu Y er á því byggt að hann beri ekki ábyrgð á skattskilum einkafirma X, hann haldi sjálfstætt bókhald vegna síns reksturs undir heitinu K sem hann neitaði hann þó ítrekað að afhenda.

Á X hvílir ótvíræð skattskylda hvað einkafirma hans varðar samkvæmt lögum nr. 90/2003. Samkvæmt B-lið 7. gr. laganna eru skattskyldar allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Ber hann þannig ábyrgð á skattskilum vegna tekna einkafirmans. Framburður X, Y og Þ er samhljóða um að þeir reikningar sem teknir voru úr bókhaldinu hafi verið vegna vinnu Y hjá eigin firma en dómurinn hefur þegar hafnað því. Fyrir liggur að þær tekjur sem ekki voru taldar fram voru innheimtar á reikningum firmans og það var samkvæmt því sá aðili sem viðskiptamenn voru að skipta við. Þeir greiddu inn á bankareikninga firmans á grundvelli þessara reikninga. X hafði fulla vitneskju um að reikningunum hefði verið breytt í bókhaldskerfinu þrátt fyrir að viðskiptavinir væru krafðir um greiðslu á grundvelli þeirra óbreyttra, hann tók við greiðslum inn á

bankareikninga félagsins á grundvelli þeirra og sá um ráðstöfun þeirra fjármuna. Í þessu samhengi breytir heldur engu hver staða félagsins hefði verið ef Y hefði talið þessar tekjur sjálfur fram enda er hafnað öllum málsvörnum ákærðu sem byggja á aðskildum rekstri þeirra [...] og óumdeilt að tekjur vegna reikninganna voru ekki taldar fram.

Varnir Y á því byggðar að honum hefði verið ómögulegt að skila framtali og gera þar með grein fyrir tekjum sínum þar sem hann hefði ekki fengið virðisaukaskattsnúmer, þrátt fyrir ítrekaða beiðnir, skiptir þar engu. Ákærðu er skylt samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 að greiða skatt af tekjum sínum. Sú starfsemi sem X og Y störfuðu við var rekin á grundvelli einkafirma X og er hann, eins og að framan greinir, ábyrgur fyrir skattskilum vegna þess. Ekkert er hins vegar fram komið sem bendir til þess að Y hafi haft bein afskipti af skattskilum vegna firmans heldur varðar þátttaka hans í ætluðu broti breytingar á reikningum firmans. Sjálfur hefur hann viðurkennt fyrir dómi að hafa breytt þeim og fær það stoð í framburði X og Þ. Þá er það einnig mat dómsins að þátttaka hans í rekstrinum hafi verið mikil og að hann hafi haft hagsmuni af ætluðu broti vegna fjármuna sem runnu til hans í gegnum einkahlutafélög. Er það því mat dómsins, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja, að sannað sé að aðkoma hans að bókhaldinu hafi leidd til rangrar skýrslugjafar til skattyfirvalda.

Ákærði Þ byggir sýknukröfu sín á því að þessi tilhögun á útgáfu reikninga hafi verið samkvæmt ráðleggingu skattyfirvalda eftir að Y var synjað um skráningu í virðisaukaskattsskrá en þessari vörn ákærða hefur þegar verið hafnað. Fram kom hjá Þ við meðferð málsins að hann hefði starfað sem bókari hjá firmanu og hann væri menntaður endurskoðandi. Er hann í máli þessu ákærður sem bókari. Þá er óumdeilt að hann sinnti bókhaldi félagsins á þeim tíma sem ákæra málsins tekur til og sá um skattskil. Einnig liggur fyrir, eins og að framan er rakið, að hann hafði fulla vitneskju um tilhögun bókhaldsins og kvaðst hann vegna færslu þess hafa fengið upplýsingar um a.m.k. samanlagða fjárhæð reikninga sem ákærði Y gaf út á hverju uppgjörstímabili til að geta sinnt skattskilum vegna firmans. Þá bar hann um að hafa verið í sambandi við skattyfirvöld til að fá ráðleggingar um skattskil á meðan Y hefði ekki virðisaukaskattsnúmer og að hafa ítrekað sótt um virðisaukaskattsnúmer fyrir hann. Ákærði sinnti bókhaldinu sem launþegi. Ekkert er fram komið sem styður þessa tvískiptingu bókhalds sem ákærðu halda fram og að þeir reikningar sem rangfærðir voru hafi einungis verið vegna vinnu Y. Þá er alls ósannað að ráðleggingar skattyfirvalda hafi orðið til þess að bókhaldinu var hagað á þennan hátt. Er það mat dómsins að framburður Þ sé hvað þetta varðar ótrúverðugur en honum hafi mátt vinnu sinnar vegna vera ljóst að hluta reikninganna hafði verið breytt. Með framburði sínum fullyrðir hann að hann hafi haft fulla vitneskju um tilhögun bókhalds sem byggist á sjálfstærri starfsemi Y, sem á sér ekki stoð í málsgögnum. Eftir stendur að Þ sem starfsmaður firmans færði bókhaldið í samræmi við þá reikninga sem X hefur borið um að hafa safnað saman. Er þannig ekkert fram komið sem styður að hann hafi haft frumkvæði að þessari tilhögun eða yfirhöfuð haft yfirsýn yfir atvik á þeim tíma sem hann færði bókhaldið. Verður þannig sakfelling hans ekki byggð á framburði um vitneskju hans um atvik sem dómurinn metur ótrúverðugan og virðist fremur settur fram meðákærðu til hagsbóta.

X og Y hafa báðir lýst aðkomu sinni að færslu bókhaldsins. X kvaðst hafa safnað saman reikningum sem Þ svo færði í bókhaldið en Y færði útgefna reikninga niður í „núll“ í bókhaldi firmans þrátt fyrir að greiðslur væru innheimtar á grundvelli upprunalegu reikningana. Höfðu þeir þannig báðir beina aðkomu að því hvað fór inn í bókhald firmans sem skattskil voru síðan byggð á. Verður af framburði þeirra ráðið að þeim hafi verið fullljóst um áhrif þess á skattskil firmans og það tilteknum reikningum var haldið utan skattskila. Verður frumkvæði að breytingu reikninganna talið frá þeim komið enda benda málsgögn til þess að andvirði upprunalegu reikninganna hafi verið greitt inn á reikning firmans þaðan sem fé var á því tímabili sem ákæra tekur til m.a. greitt ákærðu án sýnilegra skýringa. Höfðu þeir þannig báðir hagsmuni af breytingu reikninganna. Hafi ákærðu þannig mátt vera ljóst að bókhald firmans var ekki fært í samræmi við lög og leitt til þess að hluti útgefna sölureikninga var ekki talinn fram til skatts og metur dómurinn atvik svo að háttsemi þeirra hafi verið unnin af ásetningi. Telst því sannað að ákærðu hafi þegar framtölunum var skilað verið ljóst að þau voru efnislega röng og hafa atvik sem síðar til komu, þ.e. úrskurðir RSK og yfirséttanefndar, ekki áhrif á það mat. Verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að Þ hafi búið yfir sömu vitneskju. Þ var starfsmaður félagsins og ekki er á því byggt að hann hafi haft

persónulegan ávinning af ætluðum brotum. Með vísan til framangreinds verður Þ að njóta vafans um það hvort saknæmisskilyrði séu sönnuð hvað hans þátt varðar í ætluðu broti og verður hann því sýknaður.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn nægilega sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að X og Y hafi í sameiningu staðið skil á efnislega röngum framtölum eins og nánar er rakið í 1. tölulið I. kafla ákæru. Brot ákærðu teljast vera fullframin þegar efnislega röngum skattframtölum var skilað. Fjárhæð vantalins tekjuskatts er samkvæmt ákæru 41.530.275 krónur og vangreiddur tekjuskattur 17.578.090 krónur en með úrskurði yfirskattanefndar 16. desember 2020 var fjárhæð vantalins tekjuskatts lækkuð um sem nemur 2.513.144 krónum því til viðbótar. Teljast brot ákærðu stórfelld, sbr. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með hliðsjón af framangreindum fjárhæðum. Eru brot ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Í 2. tölulið eru X, Y og Þ ákærðir í sameiningu á sama hátt og greinir í 1. tölulið fyrir að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum firmans á árunum 2009 til 2011, með því að hafa vantalið útskatt og að hafa ekki staðið skil á greiðslu virðisaukaskatts vegna sömu tímabila, eins og nánar greinir í ákæru.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 er mælt fyrir um að skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann greiða fésekt allt að tífaldrí þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldrí þessari skattfjárhæð. Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málbætur verið miklar. Samkvæmt 6. mgr. sama lagaákvæðis skal hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda sæta þeirri refsingu er segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Sá virðisaukaskattur sem talinn er vantallinn er tilkominn vegna sömu atvika og brot ákærðu samkvæmt 1. tölulið, þ.e. vegna þeirra reikninga sem var breytt. Ekki er ágreiningur um að skýrslunum var skilað í samræmi við það sem greinir í ákæru og að ákærði Þ sá um að skila þeim vegna firmans. Þá hefur að framan verið rakin aðkoma allra ákærðu að skattskilum og framkvæmd bókhalds og ábyrgð ákærða X sem skattskylds aðila. Með því telur dómurinn sannað að hluta sölureikninga hafi verið breytt og það leitt til þess að skilað var efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna firmans. Engar athugasemdir hafa verið gerðar við þá reikninga sem byggt er á af hálfu ákæruvaldsins og þ. m. t. ekki vegna fjárhæða þeirra og telst því ekki vera tölulegur ágreiningur um fjárhæðir. Ákærðu byggja sýknukröfu sína á sömu rökum og greinir hvað varðar 1. tölulið, sem dómurinn hefur þegar hafnað.

Brot þessi voru fullframin með því að lögboðnar greiðslur voru ekki inntar af hendi á eindaga. Í samræmi við framangreint er það niðurstaða dómsins að ákærðu hafi í sameiningu staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum firmans í samræmi við það sem greinir í ákæru. Með vísan til sömu röksemda og fram koma í 1. tölulið er það niðurstaða dómsins að ósannað sé að saknæmisskilyrðum sé fullnægt hvað Þ varðar, en X og Y eru sakfelldir í samræmi við ákæru. Nema skattundanskot alls 8.700.845 krónum. Er með vísan til þeirrar fjárhæðar um að ræða meiri háttar brot í skilningi 262. gr. laga nr. 19/1940. Eru brot ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærðu X, Y og Þ eru í 3. tölulið ákærðir í sameiningu fyrir meiri háttar brot gegn bókhaldslögum með því að hafa rangfært bókhald firmans með því að vantelja rekstrartekjur rekstrarárin 2010 til og með 2011.

Samkvæmt framburði ákærðu sem rakinn var hér að framan og fær jafnframt stoð í málsgögnum og niðurstöðu dómsins hvað varðar 1. og 2. tölulið ákæru þykir sannað hvernig staðið var að færslu bókhalds ákærða. X er bókhaldsskyldur samkvæmt 8. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 145/1994 skal í bókhaldi skrá viðskipti jafnskjótt og þau fara fram, enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skulu skráð svo fljótt sem unnt er eftir að þau eiga sér stað. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. laganna telst það meiri háttar brot gegn lögnum ef m.a.

bókhaldsskyldur maður rangfærir bókhald eða bókhaldsgögn, býr til gögn sem ekki eiga sér stoð í viðskiptum við aðra aðila, vantelur tekjur kerfisbundið eða hagar bókhaldi með öðrum hætti þannig að gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna, enda varði brotið ekki við 158. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 á það sama við ef maður aðstoðar bókhaldsskyldan mann eða fyrirsvarsmann lögaðila við þau brot sem lýst er í 1.–5. tölulið lagaákvæðisins eða stuðlar að þeim á annan hátt. Um rafræna reikninga og bókhald gildi reglugerð nr. 589/1999 sem síðar var leyst af hólmi með reglugerð nr. 505/2013. Í 7. gr. eldri reglugerðarinnar og 2. mgr. 15. gr. þeirra yngri er lagt bann við því að breyta færslu nema fleira komi til.

Samkvæmt 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 skal sömu refsingu sæta og samkvæmt 1. mgr. sá sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 37. og 38. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994. Fyrir liggur bein aðkoma bæði Y og Þ að þessari framkvæmd, eins og rakið er að framan hvað varðar niðurstöðu dómsins vegna 1. og 2. töluliðar I. kafla ákæru og hefur háttsemi X og Y þar verið metin þeim til ásetnings. Þá byggja ákærðu sýknukröfur sínar á sömu röksemdum og áður og er þeim hafnað. X og Y höfðu fulla vitneskju um þessa framkvæmd bókhaldsins. Hvað varðar Þ liggur fyrir, eins og hvað varðar 1. og 2. tölulið ákæru, að hann hafi fært bókhaldið sem starfsmaður á grundvelli gagna frá X. Framburður Þ um þær upplýsingar sem hann fékk byggjast á atvikum sem dómurinn telur ótrúverðug þ. á m. að hann hafi aflað upplýsinga um frá skattfyrirvöldum sem tilhögun skattskila var byggð á. Er þannig ósannað að hann hafi haft frumkvæði að þessari tilhögun á færslu bókhalds eða hafi leiðbeint X um tilhögun þess. Með vísan til framangreind og þeirra forsendna sem að framan eru raktar til stuðnings sýknu hans hvað varðar sakarefni samkvæmt 1. tölulið er Þ sýknaður.

Brotin voru meiri háttar enda stóðu þau yfir í nokkur ár og tóku til fjölda reikninga og vörðuðu háar fjárhæðir. Með hliðsjón af framangreindu verða X og Y sakfelldir samkvæmt ákæru og eru brot ákærðu þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Í 4. tölulið er ákærði X ákærður fyrir meiri háttar brot gegn bókhaldslögum. Hann hafi rangfært bókhald starfseminnar með því að oftelfja bæði rekstrartekjur og rekstrargjöld rekstrarárin 2012 til og með 2014, í þeim tilgangi að búa til gjaldagögn hjá öðru félagi í eigu ákærða, Æ ehf., sem það félag nýtti til lækkunar á greiðslu virðisaukaskatts vegna reksturs síns. Í ákæru er þetta talið hafa leitt til þess að bókhaldið gaf ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna starfseminnar framangreind ár. X krefst þess aðallega að þessum ákærulið verði vísað frá dómi. Byggist krafan á þeim röksemdum að verknaðarlýsingu í ákæru sé ábótavant þar sem á skorti að einstökum tilvikum refsiverðrar oftalningar gjaldagagna sé í lýst í ákæru. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal í ákæru greina svo glögg sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga. Í dómaframkvæmd hefur lagaákvæðið verið skýrt svo að verknaðarlýsing í ákæru verði að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða háttsemi hann er sakaður um og við hvaða ákvæði refsilaga hann er talinn hafa gerst brotlegur. Mega ekki vera slík tvímæli um hverjar sakargiftir eru að með réttu verði ákærða talið torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Verknaðarlýsing vegna framangreindra ákæruliða er í samræmi við venju þegar um er að ræða bókhaldsbrot og er þá almennt lýst formbroti á tilteknu tímabili án lýsingu á umfangi brots að öðru leyti. Í dómaframkvæmd hefur þetta almennt verið talið fullnægjandi verknaðarlýsing vegna slíkra brota. Í þeim tilvikum er almennt verið að vísa til tilhögun bókhalds sem tengist ætluðum skattalagabrotum sem ráða má beint af öðrum lýsingum í ákæru. Hér háttar svo til að vísað er til reikninga sem talið er að settir hafi verið fram í þeim tilgangi að búa til gjaldagögn hjá öðru félagi í eigu ákærða, Æ ehf. Af málsgögnum má ráða að hér sé verið að vísa til tiltekinna reikninga sem eru hluti þeirra reikninga sem liggja að baki ákæru fyrir skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna einkahlutafélagsins í 3. tölulið II. kafla. Þá er ákærði í 5. tölulið II. kafla ákærunnar ákærður fyrir bókhaldsbrot í starfsemi framangreinds einkahlutafélags með því að oftelfja rekstrargjöld einkahlutafélagsins vegna sömu reikninga, einnig án nánari tilgreiningar á þeim. Er hér um að ræða ákæru vegna formbrots sem telst nægilega sannað í ljósi niðurstöðu dómsins hvað framangreinda ákæruliði varðar. Í ljósi þess er það mat dómsins að nægilega glögg sé lýst þeirri háttsemi sem ákært er fyrir og að ákærði hafi ekki átt erfitt með að taka til varna. Verður því ekki á það fallist að fyrirmæli c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 leiði til frávísunar þessa

ákæruliðar, og er kröfu um frávísun því hafnað. Með vísan til sömu raka og hvað varðar 3. tölulið hér að framan verður ákærði X einnig hér sakfelldur í samræmi við ákæru og telst brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærðu X, Y og Þ eru í 5. tölulið ákærðir fyrir peningabætti samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 vegna tekna af ætluðum brotum ákærðu samkvæmt 1. og 2. tölulið I. kafla ákæru. Ákærðu báru um það fyrir dómi að greiðslur vegna reikninga Y hefðu farið inn á reikning firmans og þaðan hefði féð annars vegar verið greitt til Y í reiðufé eða inn á reikninga sem þeir byggja á að séu í eigu rekstrarlánasjóðs. Eins og rakið hefur verið þá er ekkert fram komið um að greiðslurnar hafi að öllu leyti runnið beint til Y sem reiðufé heldur hafi hann einnig fengið féð að einhverju leyti til ráðstöfunar, t.d. í gegnum bankareikninga tiltekinna einkahlutafélaga, sbr. IV. kafla ákæru. Bar Y um að féð hefði hann nýtt í eigin þágu og rekstursins. Þá hefði X ráðstafað áfram því fé sem barst inn á reikninga á framangreindan hátt í þágu félaga aðallega í hans eigu. Er þessi framburður í samræmi við það sem ráða má af málsgögnum um ráðstöfun þeirra fjármuna sem greiddir voru af reikningum firmans. Er hafnað vörnum ákærðu á því byggðum að einungis verði refsað vegna peningabættis hafi ráðstöfun fjármuna farið fram með leynd. Vísast hvað það varðar til orðalags ákvæðisins.

Vangreiddur tekjuskattur og innheimtur virðisaukaskattur sem ákærðu ráðstöfuðu þannig er ávinningur af broti í skilningi 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu hvað varðar 1. og 2. tölulið telst vera um að ræða ávinning af refsiverðu broti X og Y og eru þeir því sakfelldir hvað þetta varðar í samræmi við ákæru en ákærði Þ sýknaður í samræmi við niðurstöðu dómsins vegna 1. töluliðar I. kafla ákæru, þar sem ósannað er talið að hann hafi framið það frumbrot sem þar er lýst.

Niðurstæða II. kafla ákæru

Í öðrum kafla ákærunnar eru ákærðu X, Y og Z ákærðir fyrir brot framin í rekstri einkahlutafélagsins Æ.

Í 1. tölulið eru þeir ákærðir í sameiningu fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum. Í ákæru er það rakið að X hafi verið framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í einkahlutafélaginu, Y skráður forráðamaður og stjórnarformaður og Þ bókarari. Samrýmist þetta málsgögnum og framburði ákærðu fyrir dómi um stöðu þeirra á þeim tíma sem ákæra tekur til. Þá liggur fyrir að vantaldar tekjur byggjast á því að ekki hafi verið taldar fram reikningar sem ákærðu byggja á að Y hafi gefið út í gegnum bókhaldskerfi félagsins með samsvarandi hætti og greinir í 1. tölulið I. kafla ákæru. Er óumdeilt að atvik hafi verið með þeim hætti hvað varðar útgáfu reikninganna og að X og Y hafi haft vitneskju og frumkvæði að þeirri tilhögun að færa reikningana niður í núll í bókhaldskerfinu eftir að þeir höfðu verið sendir í innheimtu. Þá er ekki deilt um fjárhæðir og liggur fyrir að vantaldar tekjur samkvæmt ákæru samrýmast að mestu framangreindum reikningum.

Stjórnarmenn einkahlutafélaga bera almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Þá bera framkvæmdastjórnar einkahlutafélaga einnig ábyrgð samkvæmt 44. gr. laganna. Skal framkvæmdastjóri meðal annars annast daglegan rekstur félags og sjá um að bókhald þess sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Á grundvelli framangreinds hvíldi á X og Y ótvíræð skylda til að tryggja að skattskil félagsins væru í samræmi við lög.

Ákærðu byggja á sömu vörnum og hvað varðar 1. tölulið I. kafla ákæru og er þeim hafnað á sömu forsendum. Auk skyldna sinna á grundvelli framangreinds er til þess að líta að bæði X og Y störfuðu við rekstur á grundvelli einkahlutafélagsins. Er, eins og hvað varðar I. kafla ákærunnar, hafnað öllum vörnum byggðum á algjörum aðskilnaði á starfsemi þeirra tveggja eða að sú hafi verið ætlun Y að skila síðar eigin framtali þar sem vantaldar tekjur einkahlutafélagsins yrðu taldar fram. Fjárhæð vanframtalins tekjuskatts er samkvæmt ákæru 34.032.737 krónur og er vangreiddur tekjuskattur talinn vera 6.806.547 krónur. Teljast brot ákærðu því vera stórfelld, sbr. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með hliðsjón af framangreindum fjárhæðum.

Í samræmi við ofangreint og, eftir atvikum, með vísan til sömu forsendna og raktar eru í 1. tölulið I. kafla ákæru er það niðurstaða dómsins að sannað sé, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að X og Y hafi í sameiningu staðið skil á efnislega röngum framtölum eins og nánar er rakið í 1. tölulið I. kafla ákæru og eru brot ákærðu þar réttilega heimfærð til refsíákvæða, en Þ sýknaður.

Í 2. tölulið eru ákærðu X, Y og Þ ákærðir, á sama hátt og hvað varðar I. kafla, fyrir skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna einkahlutafélagsins á nokkrum tímabilum á árunum 2011 til 2014 með því að hafa vantalið útskatt og að hafa ekki staðið skil á greiðslu virðisaukaskatts vegna sömu tímabila, eins og nánar greinir í ákæru. Töluleg niðurstaða í ákæru er í samræmi við málsgögn og hafa ákærðu ekki gert athugasemdir við hana. Byggir sýknukrafa ákærðu á sömu vörnum og hvað varðar 1. tölulið I. kafla ákæru. Með vísan til þeirra forsenda sem þar eru raktar svo og með vísan til niðurstöðu 1. töluliðar II. kafla eru X og Y sakfelldir í samræmi við ákæru, og telst háttsemi þeirra þar rétt heimfærð til refsíákvæða, en Þ sýknaður

Í 3. tölulið er ákærði X ákærður fyrir skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna árána 2011-2014, eins og nánar greinir í ákæru. Af hálfu X er þess aðallega krafist að þessum ákærulið verði vísað frá dómi á þeim forsendum að á skorti að einstökum tilvikum refsiverðrar oftalningar gjaldagagna sé lýst. Um er að ræða hefðbundna uppsetningu á verknaðarlýsingu ákæru þegar ákært er fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Lýst er vantalinni veltu og útskatti eftir tímabilum skattskila sem byggjast á yfirlitum sem sett eru fram á grundvelli þeirra reikninga sem talin eru vantildir. Hefur þessi framsetning verið metin fullnægjandi í dómaframkvæmd. Í ljósi þess er það mat dómsins að nægilega glögg sé lýst þeirri háttsemi sem ákært er fyrir og að ákærði hafi ekki átt erfitt með að taka til varna. Verður því ekki á það fallist að fyrir mæli c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 leiði til frávísunar þessa ákæruliðar, og er kröfu um frávísun því hafnað.

Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að ákærði hafi bókfært gjaldareikninga sem varða kostnað sem ekki hafi tilheyrt rekstri félagsins og að um reikninga sé að ræða sem hafi verið tvíbokaðir. Ekki er tölulegur ágreiningur hvað þennan ákærulið varðar en ákærði byggir sýknukröfu sína á því að um sé að ræða reikninga sem tilheyri rekstrinum. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins fór ákærði í gegnum þá reikninga sem byggt er á. Bar ákærði m.a. fyrir sig að um væri að ræða tæki og búnað sem keyptur hefði verið til uppsetningar í [...] og breytt og komið þar fyrir. Á reikningum til viðkomandi viðskiptavinar hefði þetta verið sett inn í vinnuliði en ekki tiltekið sem tiltekin söluvara, að beiðni viðskiptavina. Fyrir liggur yfirlit yfir þá reikninga sem byggt er á að séu oftildir ásamt skýringu á því hvers vegna skattyfirvöld töldu þá ekki tilheyra bókhaldi félagsins, auk afrita af reikningunum. Ýmist eru þeir efnislega ekki taldir tilheyra rekstri, sami reikningur hafi áður verið bókaður eða reikningur ekki að formi til réttur, t.d. skráður á annan aðila sem kaupanda vöru.

Við rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi hefur verið farið ítarlega yfir þá reikninga sem liggja að baki ákæru en þeir eru að mestu vegna sömu tímabila og greinir í 2. tölulið II. kafla ákæru. Er framburður ákærða hvað þá varðar rakinn hér að framan. Er skýringar ákærða haldlitlar og á tíðum mótsagnakenndar með hliðsjón af reikningunum sjálfum og almennt ótrúverðugar. Má sem dæmi nefna reikninga þar sem greitt er fyrir vinnu við uppsetningu efnis sem ákærði segist hafa notað sjálfur til smíða, augljóst er að reikningar eru tvítaldir og reikningar eru gefnir út á aðra en skattaðila og texti reiknings bendir skýrt til þess að vara eða þjónusta er ekki nýtt í rekstri. Af hálfu ákærða hafa ekki komið fram skýringar sem leitt geti til sýknu ákærða eða lækkunar á skattfjárhæð samkvæmt ákæru. Verður ekki talið að ákærði hafi sýnt fram á réttmæti innskatts í samræmi við 20. gr. laga nr. 50/1988 en samkvæmt 7. mgr. lagaákvæðisins skal skattskyldur aðili til sönnunar á innskatti leggja fram reikninga og önnur gögn. Þá ber X, eins og að framan er rakið, stöðu sinnar vegna ábyrgð á skattskilum félagsins á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Með vísan til framangreinds verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða og telst brot hans þar með, vegna fjárhæðar þess innskatts sem er oftalin, 11.916.077 krónur, vera meiri háttar í skilningi 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærðu X, Y og Þ eru í 4. tölulið ákærðir í sameiningu fyrir meiri háttar brot gegn bókhaldslögum með því að hafa rangfært bókhald einkahlutafélagsins og þannig vantalið rekstrartekjur þess rekstrarárin 2011 til og með 2014. Með framburði ákærðu sem rakinn var hér að framan, og fær jafnframt stoð í

málgögnum, þykir sannað hvernig staðið var að færslu bókhalds einkahlutafélagsins. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald eru einkahlutafélög bókhaldsskyld. Ber fyrirsvarsmaður lögaðila ábyrgð á því að bókhald sé fært með lögboðnum hætti, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Fyrir liggur bein aðkoma bæði X og Y að þessari framkvæmd á sambærilegan hátt og rakið er hvað varðar niðurstöðu dómsins vegna 1. töluliðar I. kafla ákæru. Þá byggja ákærðu sýknukröfur sínar á sömu röksemdum og áður og er þeim hafnað. X og Y höfðu fulla vitneskju um þessa framkvæmd bókhaldsins og verður að telja að frumkvæði að því hafi legið hjá þeim.

Samkvæmt 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 skal sömu refsingu sæta og samkvæmt 1. mgr. sá sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 37. og 38. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994. Brotin voru meiri háttar enda stóðu þau yfir í nokkur ár og tóku til fjölda reikninga og vörðuðu mikla fjármuni. Með hliðsjón af framangreindu og vísan til sömu forsenda og raktar eru hvað 3. tölulið I. kafla og 1. tölulið II. kafla varðar verða X og Y sakfelldir samkvæmt ákæru og eru brot ákærðu þar réttilega heimfærð til refsíákvæða en Þ sýknaður.

Í 5. tölulið ákæru er ákærði X ákærður fyrir rangfærslu bókhalds einkahlutafélagsins með því að oft telja rekstrargjöld vegna árána 2011 til 2014, eins og nánar greinir í ákæru. X krefst þess aðallega að þessum ákærulið verði vísað frá dómi með sömu rökum og hvað varðar 4. tölulið I. kafla ákæru. Eins og fram kemur í niðurstöðu dómsins hvað hann varðar þá er hér um að ræða sömu háttsemi að því marki sem brotin eru einnig talin framin í starfsemi einkahlutafélagsins. Með sömu röksemdum og þar eru tilgreind er það niðurstaða dómsins að hafna kröfu X um frávísun. Verður X sakfelldur fyrir háttsemina með sömu röksemdum og hvað varðar 4. tölulið II. kafla og er brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærðu eru í 6. tölulið ákærðir fyrir peningþvætti með því að hafa aflað Æ ehf. ávinnings af refsiverðum brotum með þeim hætti sem lýst er í 1. og 2. tölulið II. kafla ákæru þar sem um var að ræða rekstrartekjur einkahlutafélagsins sem ekki höfðu verið taldar fram til skatts í samræmi við ákvæði skattalaga, samtals að fjárhæð 20.225.808 krónur. Gögn málsins sýna að fjármunir einkahlutafélagsins voru millifærðir inn á reikninga einkahlutafélags þar sem þeir voru X til ráðstöfunar, eins og rakið er í niðurstöðu III. kafla ákæru. Er einnig vísað til þess rökstuðnings sem þar er færður fram fyrir sakfellingu ákærða hvað varðar það ákæruefni er greinir í 1. tölulið kaflans. Ákærðu höfðu uppi sömu varnir og hvað varðar 5. tölulið I. kafla ákæru auk þess sem framburður X og Y var á sama veg hvað varðar ráðstöfun fjármuna og þeirra fjármuna er komu frá firma X og einkahlutafélaginu. Með vísan til þeirra röksemda og framangreinds eru X og Y sakfelldir samkvæmt ákæru og er háttsemi þeirra þar rétt heimfærð til refsíákvæða en Þ sýknaður.

Þá er ákærði X í 7. tölulið ákærður fyrir peningþvætti með því að hafa aflað Æ ehf. ávinnings með þeim hætti er greinir í 3. tölulið II. kafla ákæru þar sem um var að ræða oftalin rekstrargjöld einkahlutafélagsins sem lækkuðu skattbyrði þess í andstöðu við ákvæði skattalaga, samtals að fjárhæð 11.916.077 krónur. Eins og að framan greinir telst það brot sannað og verður sú niðurstaða lögð hér til grundvallar. X hafði uppi sömu varnir og hvað varðar 5. tölulið I. kafla ákæru auk þess sem framburður hans var á sama veg hvað varðaði ráðstöfun fjármunanna. Með vísan til þeirra röksemda og þeirra sem tilgreindar eru í niðurstöðu 6. töluliðar II. kafla ákærunnar er ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Niðurstaða III-V. kafla ákæru

Í III.-V. kafla ákærunnar eru ákærðu X, Y og Z, hver í sér kafla, ákærðir fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og fyrir peningþvætti.

Gögn málsins renna skýrum stoðum undir það að X, Y og Z hafi allir starfað saman hjá annars vegar firma X og hins vegar samnefndu einkahlutafélagi hans á því tímabili sem ákæra tekur til, eins og áður hefur verið rakið, og byggist niðurstaða dómsins á því. Framtaldar tekjur ákærðu vegna vinnu á vegum félagsins eru hins vegar mjög lágar. Í framburði ákærðu fyrir dómi gerðu þeir lítið úr þeirri vinnu sem Y og Z höfðu sinnt vegna firmans og einkahlutafélagsins en að sama skapi lögðu þeir áherslu á að grundvöllur starfseminnar væri [...]. Ákærðu áttu Æ ehf. í sameiningu í upphafi en eignarhald félagsins var einhvern

tíma fært yfir á Ö ehf. en um það liggja ekki fyrir skýr gögn. Ákærði X var einn eigandi Ö ehf. frá árinu 2010 og út þann tíma sem ákæra tekur til.

Varnir ákærðu hvað þessa kafla ákæru varðar byggjast að verulegu leyti á tilvist rekstrarlánasjóðs. Við meðferð málsins fyrir dómi kom fram nokkuð samhljóða frásögn ákærðu um tilurð og starfsemi þess sjóðs. Þeir sögðu sjóðinn hafa verið við lýði áratugum saman og hafa áður verið á vegum m.a. [...] en umsjón hans fylgt rekstri [...]. Fé sem [...], ákærðu sjálfum og mökum þeirra hefði áskotnast í gegnum tíðina, aðallega vegna [...], hefði runnið inn í sjóðinn. Sjóðurinn sé ekki skráður eða með kennitölu og féð geymt á ýmsum reikningum. Þó séu þessir fjármunir ekki í eigu þeirra sem skráðir eru eigendur þessara reikninga. Hefði X stjórn sjóðsins en Y var sagður hafa þar eftirlitshlutverk og bar hann um að B, eiginkona Z, kæmi einnig að ákvörðunum er vörðuðu sjóðinn. Um virkni sjóðsins var misræmi á milli ákærðu sem m.a. báru um að féð væri lagt inn á reikninga í eigu aðila sem ætlunin væri að fengju féð að láni til að fjárfesta og myndu síðar endurgreiða það. Þá væri féð ekki lánað heldur lagt inn á reikninga svo viðkomandi gæti sýnt fram á eigu fjármuna, t.d. í því skyni að tryggja lánstraust. Dómurinn metur skýringar ákærðu á tilurð þessara fjármuna ótrúverðugar í eðli sínu auk þess sem misræmi er að einhverju leyti milli ákærðu hvað varðar skýringar á virkni sjóðsins. Þá hafa ákærðu engin gögn lagt fram til stuðnings þessum fullyrðingum sínum utan yfirlits sem fram er komið að Þ útbjó og hann segir sýna flæði fjármuna. Um mjög takmarkað gagn er að ræða. Það sýnir ákveðna stöðu án skýringa á því sem á undan kann að hafa gengið í starfsemi sjóðsins. Þá er tímabil fjármagnflæðis ekki tilgreint og fengust ekki á því fullnægjandi skýringar við meðferð málsins. Er það mat dómsins að við rannsókn málsins hafi skýringar ákærðu verið skoðaðar að því marki sem hægt var og verður því ekki talið að rannsókninni hafi verið ábótavant hvað þetta varðar. Samkvæmt framangreindu verður vörnum ákærðu byggðum á tilvist sjóðsins hafnað. Á sama hátt er því hafnað að lánsfé einstaklinga til rekstursins skýri millifærslurnar enda engin gögn lögð fram því til stuðnings önnur en einhliða yfirlit ákærðu sem á engan hátt staðfestir uppruna þeirra. Ekki stoðar fyrir ákærðu að bera fyrir sig að um sé að ræða millifærslur á fjármunum vegna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði eða öðrum lánveitingum þar sem engin frekari gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings en þau sem á var byggt þegar tekið var tillit til slíkra greiðslna fyrir útgáfu ákæru.

Framlögð gögn staðfesta að þær greiðslur frá Æ ehf. sem greinir í ákæru runnu inn á reikninga þeirra félaga, ákærðu og eftir atvikum maka þeirra, sem greinir í 1. tölulið III.- IV. kafla. Þar koma almennt ekki fram neinar skýringar á því hvers vegna fjármunum félagsins er ráðstafað á þennan hátt. Þá er ekkert fram komið sem bendir til þess að greiðslurnar séu vegna viðskipta þessara aðila við firmað eða einkahlutafélagið og ekki er um arðgreiðslur að ræða. Einnig er til þess að líta að innstæðna var ekki getið í ársreikningi þeirra félaga sem eiga þá reikninga sem féð var lagt inn á. Fé sem geymt er á bankareikningi tilheyrir eiganda reikningsins. Hér háttar svo til að þau félög sem eru eigendur reikninganna eru í eigu ákærðu og aðrir hafa almennt ekki aðkomu og heimild til að ráðstafa fjármunum þessara félaga.

Loks hefur ekkert fram komið sem bendir til þess að um lánveitingar hafi verið að ræða, eins og að framan er rakið, og er heldur ekki á það fallist að féð hafi verið lagt inn á reikningana til tímabundinnar geymslu fyrir firma X eða einkahlutafélagið. Eru þannig engar skýringar komnar fram á þessum greiðslum utan merkinga er nánar eru raktar hér eftir og benda til þess að sumar millifærslurnar séu merktar ákærðu. Í úrskurðum yfirskattanefndar frá 16. desember sl. vegna X, Y og Z, hefur nefndin staðfest úrskurði ríkisskattstjóra hvað það varðar að ofangreindar millifærslur teljist vera tekjur ákærðu samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Eins og atvikum er háttáð verður ekki talið að slíkur vafi hafi verið um lagaskilyrði álagningarinnar að áhrif hafi á saknæmi verknaðar á því tímamarki er framtölunum var skilað.

Ákærði X er í 1. tölulið III. kafla ákæru ákærður fyrir að hafa skilað efnislega röngum framtölum og látið undir höfuð leggjast að telja fram fjármuni sem skattskyldir eru sem tekjur samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Ákærði hefur alfarið neitað sök hvað þetta varðar og byggir á því að þeir fjármunir sem hann er talinn hafa vanrækt að telja fram hafi ekki runnið til hans og vísar um skýringar á millifærslum til „rekstrarlánasjóðs“ og starfsemi hans. Þeim skýringum hafnar dómurinn alfarið, eins og hér að ofan er rakið.

Í ákæru eru raktar þær greiðslur sem af hálfu ákæruvaldsins er byggt á að séu vanframtaldar. Er þar um að ræða greiðslur frá Æ ehf. sem millifærðar voru inn á bankareikninga í eigu XX ehf., ÆÆ ehf., Ö ehf. og YY ehf. auk greiðslna inn á reikning ákærða og þáverandi eiginkonu ákærða.

Ársreikningar félaganna sýna að nefnd félög voru með litlar tekjur en inn í þau runnu háar fjárhæðir frá Æ ehf. án þess að neitt sé fram komið um að viðskipti hafi verið á milli þessara aðila. Ákærði var stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi í XX ehf., ÆÆ ehf. og Ö ehf. og stjórnarmaður og prókúruhafi í YY ehf. Ákærði hafði þannig umráð þeirra fjármuna sem runnu inn á reikninga félagana auk eigin reiknings. Með þeim gögnum sem hafa verið lögð fram og framburði ákærða fyrir dómi telur dómurinn sannað að ákærði hafi haft heimild til að ráðstafa fé þessara félaga, eftir atvikum, sem skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og handhafi prókúru. Einnig benda gögn til þess að notkun ákærða á reikningum á vegum rekstursins hafi af hans hálfu verið samtvinnuð notkun á hans eigin bankareikningi. Þá voru færslur um tíma auðkenndar t.d. með orðunum „X.bak“ og ábyrgðarnúmer ákærða á tímum notað við ráðstöfun fjármunanna af þeim reikningum sem tilgreindir eru í ákæru. Verður ekki fallist á þær skýringar að greiðslur merktar „bak“ séu endurgreiðslu til rekstrarlánasjóðs heldur samrýmist það því að féð sé ætlað ákærða til nýtingar. Þá liggja engin gögn fyrir sem staðfesta fjárhagsleg tengsl þáverandi eiginkonu ákærða, A, við einkahlutafélagið, hvort sem er með beinum lánveitingum til félagsins, með greiðslu útlagðs kostnaðar eða sem starfsmanns. Því telur dómurinn það fé sem rann inn á reikning A einnig vera greiðslu til ákærða.

Af framlögðum gögnum má ráða að XX ehf. var eigandi fasteignar í [...] þar sem lögheimili þáverandi eiginkonu ákærða var skráð á þeim tíma sem ákæra tekur til. Jafnframt voru skráðar á félagið fasteignir að [...] og [...] sem annars vegar dóttir ákærða og hins vegar sonur þjuggu í og keyptar voru annars vegar á árinu 2012 og hins vegar 2014. Þá voru einnig þrjár bifreiðar skráðar á félagið. Samkvæmt ársreikningi félagsins vegna þessara ára voru skráðar leigutekjur vegna útleigu á húsnaði á bilinu 820.000 krónur á árinu 2011 upp í 2.862.000 krónur á árinu 2014. Af framangreindu má ráða að ákærði nýtti félagið og það fé sem þangað rann frá ÖÖ í eigin þágu og fjölskyldu sinnar og var því þannig ráðstafað ákærða og fjölskyldu hans til hagsbóta og félagið nýtt í þágu hans.

Hvað varðar ætlaðar greiðslur til ákærða í gegnum ÆÆ ehf. þá liggur fyrir að þær bárust inn á reikninga félagsins frá Æ ehf. Samkvæmt ársreikningum hafði félagið engar tekjur á þeim tíma sem ákæra tekur til utan ársins 2014 en þær voru þá 1.556.224 krónur. Engar skuldir voru tiltekna á árunum 2011 og 2012. Árið 2013 voru skráðar skuldir vegna bifreiðaviðskipta en það ár keypti félagið tvær bifreiðar. Af sömu ástæðu jukust skuldir félagsins árið 2014. Er fjárstreymi inn í félagið ekki í samræmi við rekstur þess. Þá var hluti innborgana sérstaklega merktur ákærða. Þá lá hluti þess fjár sem var inni á reikningum félagsins að mestu óhreyfður.

Hvað varðar YY ehf. þá má af framlögðum gögnum ráða að félagið hafi engar tekjur fengið á þessu tímabili, og skuldir og eignir hafi engar verið. Þær innborganir sem bárust inn á reikninga og eru í ákæru taldar ákærða til tekna voru óhreyfðar inni á reikningunum.

Ákærði var orðinn eini eigandi Ö ehf. árið 2010 en elstu greiðslurnar sem ákærði er talinn hafa fengið inn reikning félagsins eru frá tekjuárinu 2012. Fyrir liggur að ráðstafað fé af reikningi félagsins árin 2011 til 2014 var meira en tekjur þess. Tekjur voru leigugreiðslur vegna fasteignar að [...] þar sem starfsstöð Æ ehf. var, innan við tvær milljónir króna á ári. Eru innborganir inn á reikningana oft merktar, t.d. „X bak“ vegna reiknings nr. [...], en á öðrum reikningum félagsins eru einnig sambærilegar merkingar hvað varðar Y og Z. Inn á reikninga Ö ehf. runnu því greiðslur frá Æ ehf. merktar [...] sem voru upphaflega sameiginlega eigendur þess félags sem síðar færðist til Ö ehf. Þá má sjá á kvittunum vegna innborgana inn á þessa reikninga að ákærðu lögðu sjálfir inn á þá reikninga þær færslur sem voru merktar þeim. Þá sýna úttektir einnig að ákærði X tók út af þeim reikningi sem hann þannig lagði inn á. Það sama á við um Y.

Óumdeilt er að ákærði stýrði því einkahlutafélagi sem fjármunirnir runnu frá. Þá er einnig til þess að líta að launagreiðslur félagsins til ákærða voru á sama tíma mjög lágar, hæstar 1.220.000 krónur vegna tekjuársins 2014, og styður það einnig þá ætlan að ákærði hafi jafnframt greitt sér laun á annan hátt. Með móttöku og ráðstöfun þessara fjármuna í eigin þágu verður að telja að ákærða hafi mátt verið fullljóst að með því hefði hann tekið við fjármunum sem honum bar að telja fram. Þá telur dómurinn að sú háttsemi

ákærða að leggja féð inn á reikninga einkahlutafélaga auk eigin reikninga og maka síns og færa á milli reikninga án ástæðu hafi verið til þess fallin að reyna að villa um fyrir skattfyrvöldum í því skyni að komast hjá skattgreiðslunum. Er því til stuðnings einnig litið til þess að féð var ekki talið fram af hálfu félaganna.

Samkvæmt ákæru voru vantaldar tekjur ákærða á tímabilinu 133.263.468 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til framtalinna tekna og endurgreidds rekstrarkostnaðar. Með háttsemi sinni kom ákærði sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð 59.514.710 krónur.

Samkvæmt 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 hvílir framtalsskylda á einstaklingum og breytir þá engu þó viðkomandi hafi fengið aðstoð við að koma framtali til skila. Ákærði bar ábyrgð á að telja fram til skatts þær tekjur sem greinir í III. kafla ákærunnar. Skýringar ákærða á þeirri vanrækslu eru að mati dómsins fjarstæðukenndar. Ber í ljósi atvika að virða þessa háttsemi ákærða til ásetnings í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 en ákærða mátti vera ljóst að með háttsemi sinni braut hann gegn nefndu lagaákvæði. Var brot ákærða samkvæmt 1. tölulið fullframið þegar efnislega röngum framtölum var skilað. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur þau brot er greinir í III. kafla ákæru og eru þau þar rétt heimfærð til refsíákvæða. Telst brot ákærða samkvæmt 1. tölulið III. kafla vera stórfellt, sbr. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með hliðsjón af framangreindum fjárhæðum.

Þá er ákærði í 2. tölulið ákærður fyrir peningþvætti, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940, fyrir að hafa geymt og síðar ráðstafað fjármunum að hluta til kaupa á fasteignum og bifreiðum í þágu tengdra einkahlutafélaga og til eigin nota, og í 3. tölulið fyrir að hafa ráðstafað fjármunum sem að hluta voru ávinningur refsiverðra brota og lýst er í 1. tölulið IV. kafla og 1. tölulið V. kafla með því að millifæra þá ýmist á bankareikninga í eigu Y og Z og eiginkonu Z eða tilgreindra einkahlutafélaga eða afhenda ákærðu í reiðufé.

Ákærði stýrði fjárhagslegum málefnum síns firma og síðan einnig hjá Æ ehf. Hann hafði fulla yfirsýn yfir ráðstöfun fjármunanna og vitneskju um tilurð þeirra. Þá hefur hann viðurkennt aðkomu sína að hluta af millifærslunum undir þeim formerkjum að rekstrarlánasjóður standi að baki þeim. Telur dómurinn sannað að þeir fjármunir sem þannig runnu til Y og Z frá rekstri X séu afrakstur refsiverðra brota hans, sbr. neðangreinda niðurstöðu hvað varðar 1. tölulið V. kafla ákæru. Er það mat dómsins að refsiskilyrðum sé fullnægt og er hvað varðar rökstuðning fyrir því jafnframt vísað til niðurstöðu dómsins hvað varðar 5. tölulið I. kafla ákærunnar en einnig niðurstöðu I., II., III. og V. kafla ákæru hvað varðar tilurð og dreifingu fjármuna sem raktir eru til reksturs ákærða.

Ákærði Y er í 1. tölulið IV. kafla ákæru ákærður fyrir að hafa ekki staðið skil á skattframtölum vegna gjaldáranna 2010 til 2015. Ákærði neitar sök. Óumdeilt er að framtölunum var ekki skilað en samkvæmt launamiðum frá Æ ehf. fékk ákærði greidd laun frá félaginu tekjuárin 2013 og 2014. Ákærði sagði ástæðu þess að hann hefði ekki skilað framtölum vera ómöguleika sem byggðist á því að hann hefði ekki verið með virðisaukaskattsnúmer þrátt fyrir að hafa ítrekað sótt um það. Er þessari vörn ákærða alfarið hafnað eins og framar er rakið. Á ákærða hvílir framtalsskylda samkvæmt 90. gr. laga nr. 90/2003. Einnig er hafnað þeirri röksemd ákærða sem hann byggir sýknukröfu sín á að þeir fjármunir sem hann er talinn hafa vanrækt að telja fram hafi ekki runnið til hans og vísunum hans um skýringar á millifærslum til rekstrarlánasjóðs og starfsemi hans. Er þeim skýringum hans einnig alfarið hafnað, eins og að framan er rakið. Loks er ekkert fram komið sem bendir til þess að fjármunirnir stafi frá meintum rekstri ákærða eða lánveitingum.

Í ákæru eru raktar þær greiðslur sem af hálfu ákæruvaldsins er byggt á að séu vanframtaldar og talið að um sé að ræða launatekjur vegna vinnu ákærða. Er þar um að ræða greiðslur frá firma ákærða X, ÖÖ, og samnefndu einkahlutafélagi sem millifærðar voru inn á bankareikninga í eigu ÞÞ ehf., ZZ ehf. og Ö ehf. Málsgögn staðfesta millifærslur í samræmi við það sem greinir í ákæru.

Eins og rakið er í I. kafla ákæru er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi starfað við starfsemi ákærða X þau ár sem ákæran tekur til. Hann var einn þriggja eiganda að Æ ehf. við stofnun hennar, var skráður í stjórn félagsins. Þá liggja fyrir bankagögn sem staðfesta að ákærði notaði greiðslukort vegna starfsemi ákærða X yfir allt það tímabil sem ákæra tekur til.

Ákærði var stjórnarmaður í ÞÞ ehf., framkvæmdastjóri og með prókúruumboð en X eigandi hlutafjár félagsins. Einu tekjur félagsins á tímabilinu voru leigutekjur á bilinu 230.000 til 972.000 krónur á ári en félagið var eigandi bílskúrs í [...] og íbúðar í [...] en sonur Y var þar skráður til heimilis. Ekkert er fram komið til skýringar á þeim millifærslum sem lagðar voru inn á reikninga félagsins frá rekstri X. Þá ganga fjármunirnir í einhverjum tilvikum á milli reikninga án sýnilegrar ástæðu áður en þeim er ráðstafað. Af þeim 17.000.000 króna sem í ákæru er byggt á að lagðar hafi verið inn á reikninga félagsins árið 2009 voru samtals 13.000.0000 króna af millifærslunum greiddar inn á reikninga Æ ehf. og þaðan inn á reikning ZZ ehf. með færslunúmeri ákærða. Var það fé að mestu nýtt sem greiðsla vegna kaupa [...] ehf. á fasteign að [...], en félagið er í eigu ákærða og sambýliskonu hans.

Greiðslur inn á reikning Ö ehf. nr. [...] voru að hluta merktar „Y bak“ eða handskrifað var á kvittanir stafirnir „[...]“. Það fé var síðan fært yfir á aðra reikninga í eigu ZZ ehf., ÞÞ ehf. og Ö ehf. og oftast kvittað fyrir úttekt af hálfu ákærða. Fé sem lagt var inn á reikning ÞÞ ehf. var einnig millifært inn á reikning ZZ ehf. og [...] ehf. Er síðastnefnda félagið í eigu ákærða og sambýliskonu hans og er ákærði skráður stjórnarformaður og prókúruhafi. Fé sem á þennan hátt var fært á reikning ZZ ehf. var nýtt til kaupa á íbúð að [...] sem er skráð eign þess félags en ákærði er búsettur þar. Á sama hátt nýtti [...] ehf. féð til kaupa á íbúð að [...].

Ákærði var í stjórn ZZ ehf., skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi á því tímabili sem ákæra tekur til. Ákærði hafði aðgang að reikningum félagsins sem nýttir voru til greiðslu persónulegra útgjalda hans samkvæmt framlögðum bankayfirlitum. Þá ráðstafaði hann fénu inn á eigin reikninga og til greiðslu hluta af kaupverði tveggja fasteigna að [...] og fasteignar að [...] en fé til kaupanna kom einnig af reikningum annarra einkahlutafélaga sem getið er um í ákæru. Einnig rann féð til kaupa á bílskúr í [...] og íbúð að [...], sem var skráð eign ÞÞ ehf., og þriggja bifreiða. Þá var féð í einhverjum tilvikum fært á milli reikninga þessara félaga án sýnilegrar ástæðu áður en því var ráðstafað og það nýtt til persónulegra útgjalda Y og til greiðslu greiðslukortareikninga.

Fjármunir af reikningunum voru samkvæmt framangreindu notaðir í þágu ákærða og fjölskyldu hans. Er það mat dómsins að ákærði hafi bæði haft aðgang að þeim fjármunum sem greinir í ákæru og hafi ráðstafað þeim áfram af þeim reikningum sér og fjölskyldu sinni til hagsbóta. Ekki stoðar fyrir ákærða að bera fyrir sig að um sé að ræða millifærslur á fjármunum vegna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði eða öðrum lánveitingum þar sem engin gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings.

Samkvæmt ákæru voru vantaldar tekjur ákærða á tímabilinu 119.064.151 króna. Með háttsemi sinni kom ákærði sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð 47.121.517 krónur.

Í ákæru er ákærði ákærður fyrir að hafa ekki staðið skil á skattframtölum tiltekin ár og með því láta undir höfuð leggjast að telja fram skattskylda fjármuni. Óumdeilt er að hann skilaði ekki skattframtölum þau ár sem ákæra tekur til. Brot hans er þar talið varða við 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003. Varðar það lagaákvæði þá háttsemi að standa skil á efnislega röngum skattframtölum og er í lögskýringargögnum vegna ákvæðisins tekið fram að ákvæðið taki til athafnabrota sem fólgin eru í rangri eða villandi frásögn um eitthvað sem máli skiptir varðandi skattákvörðun og geti því leitt til skattaundandrátta. Þá segir þar að í 2. mgr. sé fjallað um það vanrækslubrot að telja ekki fram til skatts en telja verður að verknaðarlýsing ákæru falli undir það lagaákvæði. Verður ekki talið að hér sé um að ræða aukaatriði brots, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Í dómaframkvæmd hafa sambærileg atriði leitt til sýknu af sakarefni, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2008, uppkveðinn 5. júní 2008. Er háttsemi ákærða ekki rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru og eru því ekki efni til annars en að sýkna hann.

Ákærði Y er í 2. *tölulið* ákærður fyrir peningþvætti, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940, vegna móttöku geymslu og ráðstöfunar þeirra fjármuna er greinir í 1. tölulið. Í ljósi þessa að ákærði hefur verið sýknaður af því broti eru ekki efni til annars en að sýkna hann einnig hvað varðar ætlað peningþvætti.

Ákærði Z er í 1. *tölulið V. kafla* ákæru ákærður fyrir að skila efnislega röngum framtölum og að láta undir höfuð leggjast að telja fram skattskylda fjármuni vegna árána 2009-2014 og peningþvætti, eins og nánar er rakið hér að framan. Ákærði hefur alfarið neitað sök og byggir sýknukröfu sína aðallega á því að þeir fjármunir sem hann er talinn hafa vanrækt að telja fram hafi ekki runnið til hans og vísar um

skýringar á millifærslum til „rekstrarlánasjóðs“ og starfsemi hans. Er þeim skýringum hans alfarið hafnað, eins og að framan er rakið.

Samkvæmt framlögðum skattframtölum eru launatekjur ákærða lágar á tímabilinu, hæstar 560.000 krónur vegna tekjuársins 2014. Launagreiðslur ákærða komu allar frá rekstri X, fyrstu tvö árin frá firma hans, ÖÖ, en árin 2011-2014 frá samnefndu einkahlutafélagi. Eins og rakið er í I. kafla ákæru er það mat dómsins að ákærði hafi unnið við rekstur hjá X meira en ákærði segir sjálfur eða allt það tímabil sem ákæra tekur til. Þá liggja fyrir bankagögn sem staðfesta að ákærði notaði greiðslukort vegna starfsemi ákærða X yfir allt tímabilið. Bera þau með sér að kortið var nýtt til að greiða fyrir einkaneyslu ákærða.

Í ákæru eru raktar þær greiðslur sem af hálfu ákæruvaldsins er byggt á að séu vanframtaldar og talið að um sé að ræða launatekjur vegna vinnu ákærða. Er þar um að ræða greiðslur frá framangreindu firma X og einkahlutafélagi sem millifærðar voru inn á bankareikninga í eigu Ö ehf., ákærða og B eiginkonu hans. Framlögð gögn staðfesta millifærslur í samræmi við það sem greinir í ákæru. Eins og rakið hefur verið var ákærði einn þriggja eigenda að Æ ehf. við stofnun hennar. Varnir ákærða á því byggðar að hann hafi lítið unnið á þessu tímabili eru í andstöðu við framlögð gögn. Þá hefur ákærði vísað til þess að eiginkona hans hafi alfarið séð um fjármál þeirra hjóna en [...] hans hafi valdið því að hann hafi ekki komið að þeim málum. Þó ekki sé dregið í efa að Z sé [...] er því alfarið hafnað að slík greinir hafi hamlað því að ákærði hafi getað mótttekið greiðslur og eftir atvikum tekið ákvarðanir um ráðstöfun þeirra, en fyrir liggja gögn um kortanotkun hans og millifærslur.

Hluti af þeim greiðslum sem ákært er fyrir var lagður beint inn á reikning ákærða nr. [...] og var þá ákærða til ráðstöfunar. Var því fé ráðstafað áfram inn á reikning J ehf., sem var í eigu ákærða og eiginkonu hans og voru þau bæði framkvæmdastjórar félagsins, í stjórn þess og prókúruhafar. Þá var hluti greiðslna lagður inn á reikning eiginkonu ákærða, nr. [...]. Hún var ekki á launaskrá hjá rekstri X þessi ár en ákærði var með debetkort til úttektar á þeim reikningi B. Þá má af bankakvittunum vegna innborgana inn á bankareikning B oft sjá nafn ákærða Z auk dagsetninga. Af fyrirbyggjandi bankayfirlitum má sjá að fjármuninum var varið til reksturs á heimili ákærða og bæði ákærði og eiginkona hans tóku út af reikningnum.

Hvað varðar Ö ehf. þá var Z meðstjórnandi í félaginu á þeim tíma sem ákæra tekur til og hafði aðgang að bankareikningum félagsins. Framlögð gögn staðfesta millifærslur inn á reikningana í samræmi við það sem greinir í ákæru. Þeim millifærslum inn á reikning Ö ehf. sem taldar eru tilheyrja ákærða var ráðstafað áfram inn á reikning eiginkonu ákærða, nr. [...], auk þess sem hluti þeirra var tekinn út í reiðufé

Samkvæmt framangreindu er það mat dómsins að ákærði hafi bæði haft aðgang að þeim fjármunum sem í ákæru greinir og í raun ráðstafað þeim áfram sér og fjölskyldu sinni til hagsbóta. Stoðar ekki fyrir ákærða að halda því fram að um sé að ræða millifærslur á fjármunum vegna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði eða öðrum lánveitingum hans eða eiginkonu hans þar sem engin gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings að öðru leyti utan þeirra greiðslna sem tekið var tillit til fyrir útgáfu ákæru.

Samkvæmt ákæru voru vantaldar tekjur ákærða á tímabilinu 79.219.026 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til framtalinna tekna og endurgreidds útlagðs rekstrarkostnaðar. Með háttsemi sinni kom ákærði sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð 29.375.546 krónur.

Samkvæmt 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 hvílir framtalsskylda á einstaklingum og breytir þá engu þó viðkomandi hafi fengið aðstoð við að koma framtali til skila. Z bar ábyrgð á að telja fram til skatts þær tekjur sem greinir í V. kafla ákærunnar. Skýringar ákærða á þeirri vanrækslu eru að mati dómsins fjarstæðukenndar. Ber í ljósi atvika að virða þessa háttsemi ákærða til ásetnings í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 en ákærða mátti vera ljóst að með háttsemi sinni braut hann gegn nefndu lagaákvæði. Var brot ákærða samkvæmt 1. tölulið fullframið þegar efnislega röngum framtölum var skilað. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur þau brot er greinir í V. kafla ákæru og eru þau þar rétt heimfærð til refsíákvæða. Telst brot ákærða samkvæmt 1. tölulið V. kafla vera stórfellt, sbr. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með hliðsjón af framangreindum fjárhæðum.

Í 2. tölulið er ákærði ákærður fyrir peningþvætti með því að hafa mótttekið, geymt og síðar ráðstafað að hluta til kaupa á bifreiðum til eigin nota fé sem m.a. var ávinningur refsiverðra brota sem

greinir í 1. tölulið. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir það brot er greinir í 1. tölulið. Vangreiddur tekjuskattur vegna þeirra fjármuna er ávinningur af broti í skilningi 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Verður ákærði því sakfelldur fyrir peningaþvætti eins og því er lýst í ákæru.

Niðurstaða VII. kafla ákæru

Í VII. kafla ákæru eru Ö ehf., XX ehf., YY ehf., ZZ ehf., ÞÞ ehf. og ÆÆ ehf. ákærð, með vísan til VII. kafla, einkum 69. gr. og 69. gr. b í lögum nr. 19/1940, og þess krafist að þeim verði gert að sæta upptöku á tilgreindum innstæðum á bankareikningum. Er á því byggt að fjármunirnir séu ólögsmætur ávinningur refsiverðra brota. Er í öllum tilvikum um að ræða reikninga sem stofnaðir voru af embætti sérstaks saksóknara við rannsókn málsins, til að varðveita haldlagða fjármuni. Taka upptökukröfur jafnframt til áfallinna vaxta og verðmætaukningar af fjárhæðum frá haldlagningardegi til upptökudags. Af hálfu ákærðu X og Y, sem fyrirsvarsmanna félaganna, hefur öllum upptökukröfunum verið mótmælt.

Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina. Um er að ræða heimild til jafnvirðisupptöku. Þá má samkvæmt 1. mgr. 69. gr. b í lögum nr. 19/1940 gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og það getur varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi. Eftir 3. mgr. lagaákvæðisins má með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur, einn eða með sínum nánustu, hefur ráðandi stöðu í. Sama gildir ef verulegur hluti af tekjum lögaðilans rennur til viðkomandi.

Með lögum nr. 149/2009 var ákvæðum almennra hegningarlaga um hryðjuverk, peningaþvætti og mansal breytt, lögfestur var nýr heildstæður kafli, VII. kafli A, um upptöku og nýtt ákvæði lögfest um skipulagða brotastarfsemi. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum kemur fram að það var m.a. lagt fram til að hægt yrði að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna, frá 15. nóvember 2000, gegn fjölpjódlegri, skipulagðri brotastarfsemi og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005. Af athugasemdum með frumvarpinu má ráða að með því var einnig ætlunin að gera ákvæðin um upptöku eigna skýrari og færa þau í nútímalegra horf til að um upptöku gildi skýrar og ótvíræðar reglur og að unnt sé að bregðast við skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti. Með vísan til orðalags lagaákvæðanna verða þau ótvírætt talin taka til skattalagabrota.

Ekki hefur verið sýnt fram á að verðmætanna hafi verið aflað á lögmætan hátt hvað varðar núverandi eigendur þeirra. Af málgögnum má ráða að þeir fjármunir sem haldlagðir voru stafi frá starfsemi X. Hafa ákærðu samkvæmt framangreindu verið sakfelldir fyrir brot sem m.a. fela í sér undanskot fjármuna úr annars löglegum rekstri X. Eru brotin til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning auk þess sem skilyrði um lágmarksrefsingu eru uppfyllt, sbr. 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940. Með vísan til 69. gr. og 69. gr. b í almennum hegningarlögum þykja því uppfyllt skilyrði til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um að þeim einkahlutafélögum er greinir í ákæru verði gert að sæta upptöku á haldlögðum fjármunum og eru því gerðar upptækar til ríkissjóðs innstæður þeirra reikninga er í ákæru greinir, á þeim fjárhæðum sem þar eru tilgreindar, eins og nánar greinir í dómsorði. Upptakan nær einnig til áfallinna vaxta frá haldlagningu og verðmætaukningar hinna haldlögðu verðmæta frá haldlagningardegi til upptökudags. Ekki eru forsendur til að fallast á kröfu um að upptækt fé komi til frádráttar sektarrefsingum allra ákærðu verði þeir dæmdir til greiðslu sektar enda eru ekki lagaskilyrði til að mæla fyrir um slíka ráðstöfun upptækra fjármuna.

V

Í samræmi við framangreint verður Þ sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins en X, Y og Z sakfelldir samkvæmt ákæru, og er háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru, utan þess að Y er sýknaður af brotum samkvæmt IV. kafla ákæru.

Samkvæmt framlögðum sakavottorðum, dagsettum 11. nóvember 2019, hafa ákærðu, X, Y og Z, ekki verið dæmdir til refsingar. Verður við ákvörðun refsingar, til refsímildunar, litið til hreins sakaferils

þeirra, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Einnig verður hvað varðar X og Y, til þyngingar, horft til 2. mgr. sama lagaákvæðis, en þeir stóðu saman þeim brotum sem greinir í 1., 2., 3. og 5. tölulið I. kafla og 1., 2., 4. og 6. tölulið II. kafla ákæru, og til þess að þau brot sem ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir varða háar fjárhæðir. Teljast þau því vera stórfelld samkvæmt 262. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, og verður því miðað við þrefalda fjárhæð vanskila. Ákærðu eiga sér engar málsbætur. Brot þeirra voru umfangsmikil, gróf og skipulögð. Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin eftirfarandi:

Ákærði X sæti fangelsi í 24 mánuði en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af dæmdri refsingu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940. Þá greiði ákærði 284.000.000 króna sekt til ríkissjóðs en komi 360 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði Y sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940. Í lögskýringargögnum vegna 5. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 kemur fram að í lagaákvæðinu sé vísað til 1. mgr. þess m.a. varðandi fésektir. Verður því ekki við það miðað að fésekt verði einungis lögð á þann sem er skattskyldur í skilningi 109. gr. Verður ákærða því gert að greiða 69.000.000 króna sekt til ríkissjóðs en komi 360 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði Z sæti fangelsi í tólf mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði 88.000.000 króna sekt til ríkissjóðs en komi 360 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði X greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 8.000.000 króna, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Y greiði 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóhanns Karls Hermannssonar lögmanns, er alls er ákveðinn 7.500.000 krónur en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Z greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar lögmanns, 4.800.000 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Þ, Auðar Jónsdóttur lögmanns, 5.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.

Við ákvörðun málsvarnarlauna skipaðra verjanda ákærðu hefur verið litið til vinnu þeirra á rannsóknarstigi, að því marki sem ekki hefur þegar verið greitt fyrir hana, og tekið tillit til virðisaukaskatts. Hvað varðar skipaðan verjanda ákærða X er jafnframt litið til þess að hann var einnig skipaður verjandi Ö ehf., XX ehf., YY ehf. og ÆÆ ehf. og hvað varðar skipaðan verjanda ákærða Y að hann var jafnframt skipaður verjandi ZZ ehf. og ÞÞ ehf. Ekki leiddi annan sakarkostnað af meðferð málsins.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Klara Dögg Steingrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 24 mánuði en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af dæmdri refsingu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði X greiði 284.000.000 króna sekt í ríkissjóð en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði, Y, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Y greiði 69.000.000 króna sekt í ríkissjóð en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði, Z, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Z greiði 88.000.000 króna sekt í ríkissjóð en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði, Þ, er sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Æ ehf. er sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Upptækar eru gerðar til ríkissjóðs 77.212.463 krónur, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins, 23. desember 2015, sem innstæða á bankareikningum nr. [...], [...], [...], [...] og [...] í eigu Ö ehf. Upptakan nær til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar til upptökudags.

Upptækar eru gerðar til ríkissjóðs 40.542.568 krónur og 1.075 USD, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins, 23. desember 2015, sem innstæða á bankareikningum nr. [...], [...], [...], [...], [...] og [...], í eigu XX ehf. Upptakan nær til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar til upptökudags.

Upptækar eru gerðar til ríkissjóðs 319.020 krónur og 990 USD, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins, 23. desember 2015, sem innstæða á bankareikningi nr. 331-22-729, í eigu YY ehf. Upptakan nær til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar til upptökudags.

Upptækar eru gerðar til ríkissjóðs 21.450.000 krónur, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins, 23. desember 2015, sem innstæða á bankareikningum nr. [...], [...], [...], [...], [...], [...] og [...], í eigu ZZ ehf. Upptakan nær til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar til upptökudags.

Upptækar eru gerðar til ríkissjóðs 5.151.645 krónur, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins, 23. desember 2015, sem innstæða á bankareikningum nr. [...], [...] og [...], í eigu ÞÞ ehf. Upptakan nær til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar til upptökudags.

Upptækar eru gerðar til ríkissjóðs 72.807.259 krónur, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins, 23. desember 2015, sem innstæða á bankareikningum nr. [...], [...], [...], [...], [...], [...], [...] og [...], í eigu ÆÆ ehf. Upptakan nær til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar til upptökudags.

Ákærði X greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 8.000.000 króna.

Ákærði Y greiði 2/3 hluta málsvarnalauna skipaðs verjanda síns, Jóhanns Karls Hermannssonar lögmanns, 7.500.000 krónur, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Z greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Egilssonar lögmanns, 4.800.000 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Þ, Auðar Jónsdóttur lögmanns, 5.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.